

RANNSÓKNASTOFNUN HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Sólborg, Pósthólf 224, 602 Akureyri,

Sími 463-0570, Fax 463-0571



GRUNNSKÓLI MÝRDALSHREPPS

- LOKASKÝRSLA -

**TIL MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS
ÚTTEKT Á GRUNDELLI AUGLÝSINGAR 17./12. 1999**

**BENEDIKT SIGURÐARSON
INGIBJÖRG AUÐUNSDÓTTIR**

7. júní 2000

1 Inngangur.....	2		
1.1 Starfsmenn.....	2		
1.2 Nýjar kröfur	2		
2 Viðfangsefni til úrlausna – hugmyndir til nánari útfærslu:.....	4		
3.....	5		
3 Grunnskóli Mýrdalshrepps.....	5		
3.1 Um skólahverfi og skólahald.....	5		
3.2 Fyrirvari gagnvart nýlegri þróun skólahalds í Mýrdalshreppi	6		
4 Vinnuaðferð	8		
4.1 Greining fyrirleggjandi gagna	8		
4.2 Fundir, hópvinna, – SVÓT-greining	8		
4.3 Kannanir	8		
4.4 Málefni nemenda með sérþarfir ...	9		
5 Niðurstöður úr viðtölum, fundum og könnunum.....	10		
5.1 Kannanirnar – bein svörun	10		
5.2 Nemendur 5.-10. bekkjar (56).....	11		
5.3 Foreldrar (22)	12		
5.4 Starfsmenn (12)	13		
5.5 Viðtöl – vettvangsskoðun	14		
5.6 Styrkleikar	15		
5.7 Veikleikar.....	15		
5.8 Það sem þarf að laga.....	16		
5.9 Það sem er best við skólann	17		
5.10 Almenn niðurstaða	18		
5.10.1 Misvísanir	18		
5.10.2 „Allir á móti öllum“	19		
5.10.3 Stjórnun	19		
6 Frekari umfjöllun varðandi þau atriði sem könnuð voru	21		
6.1 Skipulag og stjórnun.....	21		
6.1.1 Niðurstaða	21		
6.2 Starfshættir og vinnubrögð í kennslu	21		
6.2.1 Niðurstaða.....	22		
6.3 Samskipti og traust milli aðila ...	23		
6.3.1 Niðurstaða.....	23		
6.4 Viðhorf nemenda og foreldra til skólans	24		
6.4.1 Niðurstaða.....	24		
6.5 Einstaklingsþjónusta og sérfræðipjónusta – stoðkerfi.....	25		
6.5.1 Niðurstaða.....	26		
6.6 Skólareglur og agi.....	26		
6.7 Framtíðarsýn skólans – áætlanir og þróunarverkefni	27		
6.7.1 Niðurstaða.....	27		
7 Skólanámskrá.....	28		
8 Umræða	30		
8.1 Viðhorf og stuðningur yfirvalda.	30		
8.2 Forysta; framtíðarsýn skólastjóra og yfirvalda sveitarfélagsins.....	30		
8.3 Viðhorf nemenda.....	30		
8.4 Viðhorf foreldra til skólans og tengsl skóla við foreldra.....	30		
8.5 Væntingar um árangur – kröfur og metnaður skólans	31		
8.6 Aðstaða skólans og búnaður	31		
8.7 Akstur færð og slysatíðni.....	32		
8.8 Einstaklingsþjónusta – sérkennsla - virkni stoðkerfisins.....	32		
8.9 Árangursvilji – nemenda og skólafólks - tækifæri	33		
8.10 Kostnaður við skólahaldið og starfsheimildir skólans	34		
9 Það sem ótvírætt verðskuldar athygli og úrvinnslu	35		
10 Eftirmáli.....	38		
Viðauki		Tafla	I

1 Inngangur

Í auglýsingu menntamálaráðuneytisins frá 17.12. 1999 er auglýst eftir grunnskólum til þátttöku í úttekt. Þar er eftirfarandi skilmála að finna varðandi efni og umfang úttektarinnar.

„Í úttektinni felst að utanaðkomandi aðili leggur mat á m.a. stjórnun, kennslu, aðstöðu, samskipti innan skóla og við aðila utan skólans, þjónustu við nemendur og starfsfólk, þróunarstarf og umbætur í skólalastarfi. Gert er ráð fyrir að viðkomandi skóli hafi unnið að sjáfsmati en tekið skal fram að hér er ekki um að ræða úttekt á sjálfsmatsaðferðum skóla skv. 49. gr. gildandi laga um grunnskóla.“

Hér á eftir er gerð grein fyrir vinnu á vegum Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri við úttektina. Þeir þættir sem snúa að nákvæmari skilgreiningu á vinnuaðferðum og nálgun viðfangsefnis, lýsing á umfangi og nánari tilhögun úttektarinnar, er að finna í verkefnislýsingu sem fylgir sem viðauki við þessa skýrslu.

1.1 Starfsmenn

Starfsmenn verkefnisins voru Benedikt Sigurðarson sérfræðingur í skólastjórnun og stjórnsýslu skóla og Ingibjörg Auðunsdóttir kennsluráðgjafi. Benedikt var verkefnisstjóri og ber þannig ábyrgð á þessari skýrslu fyrir hönd RHA. Auk þess var leitað samráðs við framkvæmdastjóra RHA, Trausta Þorsteinsson, varðandi tilhögun verksins og frágang lokaskýrslu. Verkefnisstjóri aflaði grunnagna, auk þeirra sem fyrir lágu frá upphafi, fór í heimsókn í Mýrdalshrepp 5. apríl og ræddi við

skólastjóra, hitti starfsmenn Grunnskóla Mýrdalshrepps og skoðaði aðstöðu í Vík. Síðan átti verkefnisstjóri fund með sveitarstjóra, oddvita og formanni skólanefndar sameiginlega „upp á Hrepp“ (svo vísað sé til málvenju heimamanna í Vík).

Dagana 26.-27. apríl heimsóttu þau Benedikt og Ingibjörg síðan Mýrdalshrepp, áttu fundi með skólafólki, foreldrum og nemendum, skoðuðu aðstæður nánar og skólastarf á Ketilsstöðum sérstaklega. Jafnframt því var aflað frekari gagna. Heimsókninni lauk með samræðum við Kolbrúnu Hjörleifsdóttur skólastjóra og Hafstein Jóhannesson sveitarstjóra.

Frá þeim tíma var aflað margvíslegra upplýsinga frá foreldrum, starfsmönnum og þjónustuaðilum, símleiddis og með öðrum hætti. Einnig var rætt við oddvita minnihluta í sveitarstjórn Mýrdalshrepps og formann foreldraráðs Grunnskóla Mýrdalshrepps. Haft var samband við aðila hjá Skólaskrifstofu Suðurlands, Svæðis-skrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi og í Sandvíkurskóla á Selfossi.

1.2 Nýjar kröfur

Síðasta áratug hafa orðið miklar breytingar á starfsaðstæðum í grunnskólum á Íslandi. Þessar breytingar hafa m.a. verið formgerðar með rekstrarflutningi grunnskóla til sveitarfélaga sem ákveðinn var með setningu laga nr. 66/1995. Í kjölfarið hafa verið settar reglugerðir og ný námskrá staðfest. Samhliða þessu hafa orðið mikilvægar breytingar í lagaumhverfi og opinberri stjórnsýslu m.a. með setningu laga um stjórnsýslu og upplýsingar (lög nr. 37/1993 og nr. 50/1996). Almennt hefur

þekkingu á stjórnsýslu og stjórnun fyrirtækja fleygt fram og viðhorf til gæðastjórnunar og skilvirkni í opnberum rekstri leitt til afgerandi breytinga á starfsumhverfi stjórnenda og stofnana.

Skólastarf og skólastjórar standa því frammi fyrir nýjum kröfum og sveitarstjórnir og starfsmenn við stjórnun sveitarfélaga eru að fást við áður óþekkt verkefni. Þetta gerist samfara breyttum skilmálum varðandi stjórnsýsluhætti opinberra aðila.

Eðlilegt er að hafa þessa þætti í huga þegar unnið er að úttekt á starfsemi grunnskóla í einu sveitarfélagi og einnig við lestur og mat á skýrslugerð um slíka úttekt.

2 Viðfangsefni til úrlausna – hugmyndir til nánari útfærslu:

Varpað er fram hugmyndum um að eftirfarandi atriði verði tekin til sérstakrar skoðunar og úrlausnar og umbótaáætlanir skólans skipulagðar í kring um aðgerðir á þessum sviðum. Ekki er hér um að ræða beina tillögu um forgangsröðun, en gert ráð fyrir að slík röð verði unnin af skólanum og skólayfirvöldum í samstarfi við foreldra í Mýrdalshreppi.

(sjá nánar 9. kafla og töflu 1 í viðauka)

1. Verkaskipting aðila; - erindisbréf skólanefndar, skólastjóra, hlutverk aðstoðarskólastjóra (vettvangsstjórnun á Ketilsstöðum) og hlutverkalýsingar fyrir starfsmenn skrifstofu sveitarfélagsins og fleiri aðila.
2. Stjórnunarhlutverk skólastjóra, efling starfsþekkingar, stjórnunarhættir og vinnuvenjur.
3. Bráð lagfæring húsnæðis og búnaðar og áætlanagerð um framtíðaruppbyggingu og viðhald til lengri tíma. Þar sem m.a. verður gerð tilraun til að skilgreina hvaða markmið verða sett um uppbyggingu á sérbúinni aðstöðu.
4. Stefnumótun skólans og skólanámskrágerð – þar með talið foreldrasamstarf sérstaklega - og áherslur skólans og vinnuviðmiðanir.
5. Þjónusta við fatlaða nemendur í sveitarfélaginu og almenn stefnumótun fyrir úrlausn slíkra mála.
6. Sérfræðiþjónusta og sérfræðileg þekking innan skólans – samhæfing þjónustukerfa.
7. Verkstjórn í kennslu, fagstjórn, og sérstök leiðsögn við leiðbeinendur.
8. Forfallakennsla.
9. Félagsstarf og umgjörð um tómstundir barna og unglinga.
10. Skólaakstur, milliferðir og gæsla.
11. Samstaða og traust milli aðila og samstarfsmöguleikar í sveitarfélaginu.

3 Grunnskóli Mýrdalshrepps

3.1 Um skólahverfi og skólahald

Í Mýrdalshreppi í Vestur Skaftafellssýslu bjuggu 520 íbúar 1. desember 1999. Þar af búa tæplega 300 í þéttbýlinu í Vík en í sveitinni búa nærri 230. Frá vestasta bæ í sveitarfélaginu (Sólheimum) að hinum austasta (Kerlingardal) eru nálega 35 km. Þann 1. janúar 1984 sameinuðst Hvamms-hreppur og Dyrhólshreppur og mynduðu núverandi sveitarfélag. Fyrir sameiningu sveitarfélaganna voru reknir skólar í hvoru þeirra fyrir sig, - þ.e. á Ketilsstöðum og í Vík. Fram til ársins 1998 starfaði Ketilsstaðaskóli með 1.-7. bekk grunnskólans en Víkurskóli starfaði með 1.-10. bekk og tók við nemendum Ketilsstaðaskóla frá 8. bekk.

Húsnæði í Vík er byggt 1976. Í húsinu eru nú 5 kennslustofur (38-58 fm.) og sérstök tölvustofa (30 fm., sem jafnframt er nýtt fyrir námskeið og fullorðinsfræðslu), skólasafn, kennarastofa og vinnuaðstaða fyrir kennara, skrifstofur skólastjóra og aðstoðarskólastjóra, kennslueldhús (sem nýtt er sem hádegismötuneyti) og raungreinaherbergi og talsvert rúmgott hol (gryfja). Á byggingartíma var ekki gert ráð fyrir að um yrði að ræða hádegisþjónustu við nemendahópinn eða neina sérstaka aðstöðu fyrir félagsstarf auk þess sem breyttar forsendur hafa skapað nýjar þarfir fyrir annað rými.

Húsnæði á Ketilsstöðum var byggt í áföngum á árunum 1967-1986. Í skólanum eru nú tvær nokkuð rúmgóðar

kennslustofur sem opna má á milli og tvær aðrar stofur (28+35 fm - önnur opnanleg út á gang) auk þess lítið tónmenntaherbergi (22,4 fm). Eldhús og aðstaða til að matast (afar þröng) auk bókaherbergis og lítilsháttar aðstöðu fyrir kennara. Íbúð skólastjóra er áföst skólahúsnæðinu og innangengt á milli.

Ekki er sérstakt íþróttahús í sveitarfélaginu en leikfímkennsla fer fram í félagsheimilinu Leikskálum. Nemendur sækja sundnám að Skógum undir Eyjafjöllum, en þangað er 33 km. leið frá Vík.

Haustið 1998 tók gildi breytt skólaskipan. Skólar sveitarfélagsins voru sameinaðir og jafnframt ákveðið að almenn kennsla 1.-4. bekkjar færi fram á Ketilsstöðum og kennsla 5.-10. bekkjar í Vík. Um leið var komið upp sérbúinni aðstöðu til kennslu í verkgreinum (smíði) í nærliggjandi atvinnuhúsnæði á Vík.

Sérstök aðstaða fyrir hannyrðir er ekki skilgreind – og heldur ekki fyrir sérkennslu almennt. Ekki er sérstök aðstaða fyrir mótöku skólaheilsugæslu eða annarra sérfræðinga og ráðgjafa sem þjónusta nemendur.

Alls eru taldir upp 26 starfsmenn Grunnskóla Mýrdalshrepps – að meðtöldum skólabílstjórum og starfsmönnum heilsugæslu. Verulegur meirihluti kennslunnar yfirstandandi skólaár er unninn af starfsmönnum með tilskilin starfsréttindi, en skólinn hefur leiðbeinendur í starfi auk forfalla- og stundakennara.

Allir eldri nemendur í sveitarfélaginu (62) byrja skóladag kl 8:20. (sjá þó undantekningar með 5.b.), þau fá sína kennslu í Vík (fyrir utan sund), fá heitan mat í hádegi og ljúka sínu skóladegi að mestu með samfelldum hætti. Nemendur úr þéttbýlinu í Vík eru sjálfbjarga í skólann en skipulagður akstur er frá sveitabæjum.

Yngri nemendurnir (32) byrja sinn skóladag kl. 9:00 á Ketilsstöðum. Þeim er öllum ekið í skólann, bæði frá sveitabæjum og úr þéttbýlinu í Vík (þar safnast börnin saman við félagsheimilið Leikskála). Yngri börnin fara ekki í sama skólabíl og þau eldri og er ferðaskipan nokkuð flókin með tilliti til breytilegs tíma og milliferða. Börnin fá morgunhressingu eftir fyrsta tíma og síðan heitan mat í hádeginu. Að því loknu fara þau af staðnum – til Víkur í sérgreinatíma og leikfimi (tvo daga í viku) og þaðan heim og einnig til Skóga í sund og leiktíma í salnum (meðan beðið er).

Dreifing skólabarna milli bæja er breytileg eftir árgöngum og jafnframt er um að ræða tvöfalt aksturskerfi úr sveitinni vegna mismunandi skólatíma og staðsetningar aldurshópa. Þannig tekur skólaaksturinn stöðugum breytingum frá ári til árs. Um er ræða flókið kerfi sem kostað hefur mikla vinnu og tíma að skipuleggja og sníða síðan af þá hnökra sem hafa komið upp.

Norm Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gera ekki ráð fyrir að sveitarfélagið fengi umtalsverðan stuðning til byggingar almenns skólahúsnæðis (aðeins 50 fm.). Fyrir liggur hins vegar að bygging allt að 750 fm íþróttahúss mundi hljóta fjárstuðnings

miðað við gildandi reglur sjóðsins. Samkvæmt upplýsingum oddvita hefur nú verið settur á fót vinnuhópur á vegum sveitarstjórnar til að skoða leiðir og fjármögnunarmöguleika vegna slíkrar byggingar.

3.2 Fyrirvari gagnvart nýlegri þróun skólahalds í Mýrdalshreppi

Frá árinu 1996 hafa gengið yfir miklar hræringar í skólahaldi sveitarfélagsins. Taka verður mið af því við ýmsar ályktanir og ekki síst við samskipti við starfsfólk og foreldra í Mýrdalshreppi. Það hefur ekki ríkt eindregin samstaða um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið og það liggur fyrir að sú leið sem valin var við sameiningu skóla var í einhverri andstöðu við nærri 57% foreldra sem svöruðu könnunum fhl. árs 1997.¹

Samskipti hóps foreldra og forráðamanna í sveitarstjórn hafa um skeið litast nokkuð af átökum um skólamálin og því þarf að skoða margvíslegar upplýsingar sem aflast með hliðsjón af því að fólk hefur talsvert mikið skipað sér í fylkingar. Undirskriftalistar og framboð til sveitarstjórnar sem hlaut tvo fulltrúa (af sjö) í kosningum 1998 skilgreina afstöðu til þess að „einn skóli skuli sinna öllum nemendum í Mýrdalshreppi.“

Starfsmenn við úttektina fundu mjög skýrt fyrir þessum klofningi og er ástæða til að álíta að upplýsingagjöf einstakra aðila hafi að einhverju marki litast af þessum veruleika.

¹ Sjá skýrslu, Framtíðarskipan skólahalds í Mýrdalshreppi, RKHÍ, 1997.

Í þessari úttekt verður ekki lagt beint mat á þær forsendur sem lágu að baki skóla-sameiningu 1998. Röksemdir geta verið bæði "góðar eða vondar" og með og móti eftir atvikum en þær koma efni þessarar skýrslu því aðeins við að þær hafi áhrif á samskipti í kring um skólann og skóla-starfið í gegnum það.

Árangur af skólastarfi og árangursmögu-leikar einstaklinga mótast að einhverju marki af skólaumgjörðinni og samstaða um skólahald skiptir óumdeilanlega verulegu máli. Ekki verður hér um það að ræða að tillögugerð verði beint að fortíðinni heldur kappkostað að horfa til framtíðar og leita leiða til að þróa skólastarfið til aukins árangurs á næstu árum.

4 Vinnuaðferð

4.1 Greining fyrirbyggjandi gagna

Kallað var eftir gögnum frá skólanum og frá sveitarstjórn Mýrdalshrepps. Til RHA bárust greinargerðir sveitarstjórnar-/sveitarstjóra² ásamt kynningargögnum og skýrslur úttektaraðila frá Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands³, og frá KHÍ, Landsamtökunum Heimili og skóli og Skólaskrifstofu Suðurlands á Selfossi⁴. Jafnframt var farið í gegn um afrit af fundargerðum skólanefndar fyrir tímabilið frá 1996 og þær afgreiðslur sveitarstjórnar sem snertu skólamálin með einhverjum beinum hætti.

Frá skólanum bárust skólanámskrá, stundaskrár og ýmsar skýrslur og vinnugögn. Jafnframt var farið í gegnum afrit af fundargerðum kennarafunda (1998-2000) og leitað eftir kynningargögnum skólans svo sem eins og fréttabréfum og dreifiritum.

4.2 Fundir, hópvinna, – SVÓT-greining

Til að leita upplýsinga um samskipti og samstarf og nálgast viðhorf aðila og væntingar og greina þann metnað sem stjórnendur skóla og sveitarfélags halda fram fyrir hönd skólastarfs þá átti verk-

² Greinargerð sveitarstjóra vegna samþykktar sveitarstjórnar dags. 17./4. 1997 og greinargerð undirnefndar skólanefndar skv. samþ. dags. 24./6. 1997.

³ Framtíðarskipan skólahalds í Mýrdalshreppi, RKHÍ, 1997.

⁴ Viðhorf foreldra vegna breytinga á skipulagi grunnskóla í Mýrdalshreppi, dags. 10. júní 1999.

efnisstjóri fundi með skólastjóra, sveitarstjóra, formanni skólanefndar og oddvita Mýrdalshrepps.

Jafnframt var leitað til nokkurra starfsmanna skólans einstaklingslega um upplýsingagjöf. Allir starfsmenn skólans voru boðaðir á fund með starfsmönnum úttektarinnar þar sem þeir voru bæði beðnir um að taka þátt í SVÓT-greiningu og stýrðri hópvinnu og einnig að svara einfaldri könnun.

Foreldrum var boðið til fundar með starfsmönnum úttektarinnar þar sem þeir voru beðnir um að taka þátt í SVÓT-greiningu og að svara einfaldri könnun. Nemendur 5.-9. bekkjar voru heimsóttir, fundað með þeim í smærri hópum og þeir voru jafnframt beðnir um að svara könnun.

Þar sem mæting foreldra á boðaðan fund var afar dræm, og enginn mætti úr hópi þeirra foreldra sem áður áttu börn í Ketilsstaðaskóla, þá var brugðið til þess ráðs að hafa samband símleiðis við foreldra allra nemenda í 10. bekk. Samtals var leitað upplýsinga með beinum hætti frá 25 foreldrum. Þessi hópur telst til að eiga rúmlega helming nemenda (auk þess sem starfsmenn skólans eru einnig foreldrar).

4.3 Kannanir

Eins og fram kemur hér á undan voru lagðar kannanir fyrir starfsmenn Grunnskóla Mýrdalshrepps, foreldrar barna og eldri nemendur skólans (nemendur í Vík). Nemendur 10. bekkjar svöruðu einnig nemendakönnun síðar (þar sem þeir voru í

samræmdum prófum þegar heimsókn starfsmanna úttektarinnar átti sér stað).

Þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga í hverju tilviki þá er ekki unnt að vinna umtalsverða tölfræðilega greiningu á þeim gögnum sem þannig var aflað. Vísbendingar má hugsanlega lesa út úr eindregnum niðurstöðum þó alltaf þurfi að setja mikla fyrirvara við afhæfingum á grundvelli úrvinnslu úr svo takmörkuðum gögnum sem hér er um að ræða (sjá fylgiskjö).

4.4 Málefni nemenda með sérþarfir

Málefni sérþarfanemenda voru skoðuð og hafði Ingibjörg Auðunsdóttir í því skyni samband við Sandvíkurskóla á Selfossi⁵, starfsmenn Skólaskrifstofu Suðurlands, Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Suðurlandi, kennara sem annast sérkennslu og foreldra til að fá skýrari mynd af skipulagningu og viðmiðunum sem þar eru í gangi.

⁵ Sveitarfélög á Suðurlandi eiga aðild að sérdeild við Sandvíkurskóla samkvæmt sérstökum samningi.

5 Niðurstöður úr viðtölum, fundum og könnunum

5.1 Kannanirnar – bein svörun

Niðurstöður úr könnunum gefa skýrar vísendingar um tiltekna hluti – en vekja um annað fremur spurningar en að þeim sé svarað þar sem óútskýrð misvísun er í ýmsum svörum. Um leið koma fram beinar skriflegar ábendingar frá einstaklingum sem að talsverðu leyti eru árétting á því sem áður hafði komið fram á fundum með aðilum. Skipting svara er birt í heild sem viðauki við skýrsluna og vísast þangað varðandi þá þætti. Ábendingum hefur verið haldið til haga að því er varðar nafngreinda einstaklinga og öllum slíkum efnisatriðum verður skilað til skólastjóra og sveitarstjóra sem trúnaðargögnum án tengingar við upplýsingagjafa. Öllum upplýsingum frá einstaklingum var aflað nafnlaust og því er ekki unnt að rekja svörin til nafngreindra aðila. Það kemur engu að síður ekki í veg fyrir að einhverjar bollaleggingar eigi sér stað í fámenninu um það hver hafi sagt hvað. Starfsmenn við úttektina lögðu áherslu á það við upplýsingagjafa að farið yrði varlega með persónugreinanlegar upplýsingar og við það er staðið. Upplýsingar frá skólastjóra, sveitarstjóra og öðrum stjórnendum er þó undir engum kringumstæðum unnt að skilja frá þeim einstaklingum sem störfum gegna.

- *Foreldrar eru ánægðir með samskipti við umsjónarkennara og við kennara almennt.*
- *Nemendum líður yfirleitt vel í skólanum.*
- *Einelti er til staðar og það virðist skorta á að mál séu leyst með sýnilegu hætti.*
- *Starfsmenn virðast hafa talsvert neikvætt viðhorf til samstarfs við foreldra sem hefur jafnframt farið versnandi að mati foreldra.*
- *Foreldrar telja að stjórnun skólans hafi versnað og starfsandi einnig.*

5.2 Nemendur 5.-10. bekkjar (56)

Safnað var svörum frá öllum nemendum í 5.-10. bekk. Niðurstöður í heild eru birtar í viðauka en sérstakar athugasemdir sem beinast að því sem nemendur tilgreina best og það sem tilgreint er verst við skólann er skilað með beinum hætti til stjórnenda og fræðslufirvalda.

- *Flestum nemendum líður vel í skólanum.*
- *Nemendur eru ánægðir með mótuneytið.*
- *Nemendur eru afar óhressir með félags- og tómstundastarf og aðstöðu til afþreyingar.*
- *Nemendur telja árangur mikilvægan og virðast álíta nokkuð góða árangursmöguleika framundan í framhaldsskóla.*
- *Það vottar fyrir mótsögnum að því er varðar viðhorf til reglna og útivistartíma.*
- *Aðstaða til útileikja og gæsla í tengslum við milliferðir eru atriði sem nemendur telja að*

- flestum líður vel í skólanum
 - fáir verða fyrir stríðni – þó einelti sé nokkuð þekkt
 - hópur nemenda (15) virðist ekki viss um að eiga aðgang að neinum í skólanum ef eitthvað bjátar á
 - vinnufriður, umgengni um skólareglur og ánægja með skólann er blandin
 - krakkarnir telja árangur mikilvægan
 - þau eru hins vegar afar óhress með félagsstarf og afþreyingarmöguleika sína
 - þau telja að krakkar úr Mýrdalshreppi standi sig vel í framhaldsskóla og telja mikilvægt að skila árangri
 - um foreldraviðhorfið eru þau ekki allveg á einu máli – né heldur þátttöku foreldra
 - nokkrir virðast í óvissu um stöðu sína og vinsældir
 - þau vilja láta laga húsnæði og búnað
 - þau vilja fá aðstöðu fyrir félagsstarf og umgjörð til tómstunda
 - þau gera nokkuð skýra kröfu um að umgjörð starfsins og framkoma og áreiðanleiki starfsmanna sé ásættanlegur
- (Sjá nánar í fylgiskjöllum.)

5.3 Foreldrar (22)

Bein svörun 22 foreldra liggur fyrir og er birt í viðauka. Einnig var haft samband við fleiri foreldra vegna sérstakra atriða og ástæða er til að undirstrika að starfsmenn skólans eru jafnframt foreldrar þannig að þeir sem tekið hafa þátt í upplýsingagjöf eru foreldrar nokkurs meirihluta barna í Grunnskóla Mýrdalshrepps.

- *Umsjónarkennarar fá jákvæð viðbrögð foreldra og einn ákveðinn kennari sérstaklega.*
- *Stjórnun skólans fær ekki jákvæða dóma foreldra.*
- *Aðstaða skólans og skipulagning (staðsetning nemenda) skiptir foreldrum í hópa.*
- *Foreldrar telja skólann ekki ráða vel við einelti og mál sem þarfnast sérstakrar úrlausnar.*

- skipulag skólans og ástand húsnæðis og búnaðar skiptir mönnum í hópa
- umsjónarkennarar fá jákvæð viðhorf og kennarar almennt
- agavandamálin eru greinilega raunveruleg að mati meirihluta svarenda
- það er augljós efi hjá mörgum varðandi stefnu og stjórnun skólans og það er lýtur að samráði við foreldra
- skólastjórnendur fá ekki traustsýfirlýsingu og ekki heldur samvinna þeirra
- félags og tólmstundastarf er ekki svo gott
- spurningarmerki má setja við þá virðingu sem skólinn nýtur eða viðhorf til gæða hans
- nemendur með sérþarfir fá ekki endilega nám við hæfi – né heldur hinir afkastamiklu
- skólinn er ekki eindregið talinn vel settur með starfslíð
- skólanefnd og sveitarstjórn fá jákvæða svörun varðandi metnað þó einhverjir séu á öndverðum meiði
- skólinn ræður illa við eineltismál sem virðast vera fyrir hendi
- starfsandi í skólanum hefur versnað að mati margra foreldra
- stjórnun hefur versnað frekar en hitt
- viðhorf foreldra til skólans hefur versnað
- foreldrar segjast setja börnum sínum skýr mörk
(Sjá nánar í fylgiskjöllum.)

5.4 Starfsmenn (12)

12 starfsmenn Grunnskóla Mýrdalshrepps tóku þátt í beinni svörun spurninga. Jafnframt var leitað til aðstoðarskólustjóra sérstaklega um upplýsingagjöf og til fleiri aðila í starfslíði vegna afmarkaðra mála.

- *Einstakir kennarar tilgreina góða vinnuaðstöðu (vinnuherbergi) sem styrkleika í starfi Grunnskóla Mýrdalshrepps.*
- *Starfsmenn telja að viðhorf foreldra til skólans og foreldrasamstarf hafi farið versnandi.*
- *Verkaskipting stjórnenda og samstarf fær ekki jákvæða svörun starfsmanna.*
- *Vinnureglur um úrlausn mála virðast ekki liggja ljósar fyrir.*

Fjöldi starfsmanna sem svarar er svo lítill að ekki er um ræða tilefni til umtalsverðra ályktana eða alhæfinga. Fram kemur samt sem áður marktæk vísbending um einstök atriði.

- fram kemur neikvætt viðhorf til foreldrastarfs og viðhorfa foreldra til skólans
- ekki er eindregin ánægja með aga og reglusemi í skólanum
- starfsmenn virðast óvissir um stefnu að því er varðar foreldrasamstarf
- stefna og markmið skólans virðast ekki liggja ljós fyrir öllum
- skólustjóri er talinn áhugasamur um að bæta skólastarfið
- stjórnun, samstarf og verkaskipting stjórnenda fær ekki jákvæða dóma
- svör um vinnureglur við úrlausn mála eru frekar á neikvæðum nótum
- almennt telja starfsmenn að það hafi fremur sigið á verri veg bæði með hegðun nemenda, viðhorf foreldra og foreldrasamstarf
- starfsandi, námsárangur, tækifæri til framhaldsnáms og frammistaða kennara virðist halda í horfinu að mati starfsmanna
(Sjá nánar í fylgiskjöllum.)

5.5 Viðtöl – vettvangsskoðun

Í viðtölum við skólastjóra og forráðamenn sveitarfélagsins kemur fram að samstarf er fremur takmarkað og samstaða og trúnaður er ekki nægilega mikill til að allir aðilar að skólasamfélaginu (starfsmenn, foreldrar, nemendur og fræðslufirvöld) vinni saman sem ein heild.

Formleg stefnumótun af skólans hálfu, undir forystu skólastjóra, er ekki mjög vel sýnileg þannig að það er að mörgu leyti erfitt fyrir samstarfsaðila að skiptast á skoðunum og eiga aðild að jákvæðri rök-ræðu um mál þar sem skoðanir kunna að vera skiptar og samráð þarf að eiga sér stað.

Það er einnig alveg ljóst að rökstuðningur fyrir ákvörðunum, kynning ákvörðana og eftirfylgd er ekki nægilega formleg til að það sé endilega líklegt að það skapist nauðsynleg samstaða um aðgerðir og úr-ræði þegar eitthvað ber út af. Samráð við foreldra og „samtal“ skólastjóra og fræðslufirvalda fer að takmörkuðu leyti fram á grundvelli formlegra gagna sem fara í milli aðila sem liggja þá fyrir til kynningar þegar ákvarðanir hafa verið teknar. Sama gildir um „samráð“ við foreldra og þátttöku þeirra í starfinu, sem hefur fremur óformlega farvegi þar sem sýnileg stefnumótun liggur ekki fyrir af hálfu skólastjóra um samstarfið sem slíkt þó í langflestum tilfellum virðist samstarf við einstaka foreldra einkennast af jákvæðni og mikilvægum trúnaði.

Það má með svipuðum hætt vísa til þess að ákvarðanir sem teknar voru þegar skólaskipan var breytt og sá rökstuðningur sem að baki lá hefur ekki verið varðveittur þannig í formlegum gögnum og stefnumörkun sveitarfélagsins að það hjálpi til við að skapa samstöðu. Það má bæði segja um stjórnunarmunstur skólans, kennsluskyldu skólastjóra og einnig þau áform sem snúa að uppbyggingu og endurnýjun húsnæðis og búnaðar.

Jafnframt hafa önnur og óskyld málefni sveitarfélagsins áhrif á upplifanir og túlkun nemenda og foreldra á þeim möguleikum sem eru framundan í skólamállum. (Kostnaður við borholu sem ekki reyndist sá „happdrættisvinningur“ sem vonir stóðu til – hefur jafnvel áhrif á umræðustíl þegar spurt er um hvað frekast skortir í skólanum.)

Fjárhagsgrunnur skólastarfsins er áhyggju-efni fyrir forráðamenn sveitarfélagsins og virðist nokkuð ljóst að reglur og viðmiðanir (norm) Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um húsrými hafi haft áhrif á ákvarðanir sveitarstjórnar um skólabreytingar á sínum tíma. Það er hvergi nærri ljóst við takmarkaða skoðun að húsrými til skólahalds nái eða sé yfir þeim mörkum sem gert er ráð fyrir í reglugerð nr. 519/1996 um lágmarks-aðstöðu til skólahalds – að teknu tilliti til þess að um er að ræða skiptan skóla. Mat Jöfnunarsjóðs byggist ekki á gildandi reglugerð og verður því að setja spurningarmerki við þær heimildir sem unnið er út frá og umboð stjórnar sjóðsins til að setja sjálfstæð markmið við skilgreiningu á fjárstreymi. Ástæða er einnig

til að gera athugasemd við það að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skuli í einhverjum tilvikum fremur verja fjármunum til að styrkja aukinn skólaakstur til lengri tíma heldur en að styðja að uppbyggingu á húsnæði sem getur sparað aksturskostnað. Við slíkar aðstæður geta viðmiðanir sjóðsins haft afgerandi áhrif á ákvarðanir sveitarstjórna og möguleika sveitarfélaga til að leysa úr brýnum málum til hagsbóta fyrir skólahaldi sitt. Einhliða reglur sjóðsins um stýringu á fjárstreymi geta þannig ráðið meiru um ákvarðanir heldur en faglegt mat og vilji íbúa til að byggja upp góðan skóla.

5.6 Styrkleikar

Það telst ótvírætt til styrkleika skólans hversu lítill hann er og er þannig samdóma álit að hann bjóði upp á margvíslega möguleika sem byggjast á því að „allir þekkja alla.“ Þar með gefst kostur á „persónulegri úrlausn“ og nánd við kennara í flestum tilfellum. Með sama hætti er ótvírætt álit að kórstarf í skólanum og tónlistarlíf sé með miklum blóma. Jafnframt kemur fram að skólaskemmtanir (sýningar nemenda) sem eru árviss viðburður séu jákvæðar skemmtanir. Skólinn hefur að einhverju marki nýtt sér umhverfi, náttúru, sögu og menningu sem uppsprettu að árangursríku starfi og fær það jákvæða dóma.

Þjónusta við börnin og starfsfólkið í forni mötuneytis (á báðum stöðum), og þeir einstaklingar sem fyrir því standa, fá afskaplega skýra plúsa frá öllum aðilum. Skipting skólans í aldurstig (1.-4. og 5.-10.) er tilgreint af ýmsum sem styrkur þó

það sé jafnframt flokkað með veikleikum. Það er nokkuð samdóma álit að árangur nemenda sem ljúka Grunnskóla Mýrdalshrepps (áður Víkurskóla) sé yfirleitt góður og þó nokkur hefð fyrir því að nemendur fari í framhaldsskóla. Gott starfsfólk og jákvætt samstarf foreldra við umsjónarkennara er af mörgum talinn styrkur á Grunnskóla Mýrdalshrepps og það besta við skólann. Góð aðstaða til kennslu í verkgreinum var af einhverjum talinn til styrkleika.

5.7 Veikleikar

Fámenni eða smæð Grunnskóla Mýrdalshrepps er greinilegur ókostur ekki síður en kostur. Bæði er það með vísan til þess að þessi litli nemendafjöldi minnkar möguleika á fjölbreyttu námstilboði (einkum tilgreindar valgreinar) auk þess sem um leið takmarkast möguleikar á að ráða sérmenntaða kennara til faggreindrar kennslu og sérkennslu. Skipting skólans milli aldurstiga er af mörgum talinn til veikleika þó það sé viðurkennt að því fylgi ýmsir kostir. Erfiðleikar við að fá fagmenntað starfsfólk há skipulagi skólastarfs og takmarka möguleika á metnaðarfullri kennslu í einstökum greinum og við kennslu nemenda með sérþarfir.

Ágreiningur og flokkadrættir um skipulag skólastarfs og sameiningu skóla 1997-1998 setur augljóslega mark á möguleika skólans til samskipta við foreldra um leið og það ber á skorti á samstöðu og jákvæðri samræðu milli aðila. Tilfinnanlegur skortur á sérþúinni kennsluáðstöðu telst til ótvíræðra veikleika sem raunar

virðist umtalsvert ógna möguleikum skólans til þróunar (sund, íþróttir, hannyrðir, raungreinar). Skólaakstur (yngri barna frá Vík að Ketilsstöðum) var af nokkrum foreldrum talinn alvarlegur ókostur – auk þess sem gerðar voru athugasemdir við skipulag og áreiðanleika skólaakstursins.

Ástand og útlit (litir) húsnæðis og búnaðar var talið undir því sem viðunandi getur talist og þá var einkum vísað til skorts á viðhaldi og þörf fyrir endurnýjun á búnaði. Einhver vafi virðist leika á því að heimildir séu fyrir hendi frá hálfu hönnuða hússins til breytinga og lagfæringa sem taldar eru tímabærar af mörgum.

Bæði nemendur og foreldrar tilgreina „einkelti“ sem vandamál og vísa til þess að aðgerðir skólans og skólastjóra hafi í einstökum tilvikum ekki leyst slík mál með viðunandi hætti – þó um hafi verið að ræða viðurkennd vandamál um lengri tíma. Jafnframt var minnst á alvarlegan árekstur við fjölskyldu í byggðarlaginu og einn nemanda skólans,- eða það sem í einhverju tilviki var nefnt „aðför að fjölskyldufriði“ eins barnsins.

Skólastjóri fær býsna ákveðnar athugasemdir frá nemendum og foreldrum varðandi sína vinnu og það óöryggi sem ákvarðanataka hans skapar um leið og það kemur endurtekið fram að „málin eru ekki leyst“ – eða úr þeim unnið með sýnilegum hætti í samstarfi við aðila.

5.8 Það sem þarf að laga

Frá nemendum kemur fram að þeir telja að það séu of margir hlutir sem gefin hafa verið fyrirheit um sem ekki sé staðið við af hálfu skólastjóra. Þar var tilgreint að skólaferðalag væri í tilteknu uppnámi vegna óvissu og einnig að hljómflutnings-tæki væru úr lagi og ekkert hefði verið gert í því. Félagsaðstöðu telja þau að skorti og einnig að tómsundastarf sé of lítið. Undir þetta taka starfsmenn skólans.

Frá nemendum komu einnig fram skýrar ábendingar um óviðunandi vinnubrögð einstaklinga í starfsliði skólans og hefur slíkum ábendingum og athugasemdum verið komið á framfæri við skólastjóra og sveitarstjóra fyrir hönd fræðsluyfirvalda. Foreldrar leggja áherslu á að komið verði upp aðstöðu til íþróttakennslu og nemendur og starfsmenn tilgreina það einnig.

Það virðist vera skýr áhugi skólastjóra á að fá fram nokkrar lagfæringar á húsnæði og búnaði, sem ekki þurfa endilega að kosta svo mikið – og teljast þannig „minniháttar framkvæmdir.“ Frá skólastjóra, foreldrum og kennurum koma fram ábendingar um þörf á að koma upp aðstöðu til íþróttakennslu á Vík þó þeirri umræðu fylgi yfirleitt vísan til þess að slíkt sé utan við það sem fjárhagur sveitarfélagsins og nýleg íbúabróun gefi kost á. Einnig kemur fram frá einstökum aðilum úr hópi foreldra að menn telja mikilvægt að sköpuð verði fullbúin aðstaða til kennslu allra grunnskólabarna sveitarfélagsins á Vík (sbr. einnig sveitarstjórnarkosningar 1998). Varðandi uppbyggingu almenns

og sérgreinds skólahúsnæðis fyrir alla nemendur á einum stað er vísað til þess að reglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga séu á þann veg að Mýrdalshreppur njóti ekki styrkja til nýbygginga þar sem rúmmál almenns skólahúsnæðis í sveitarfélaginu sé nálægt hámarksviðmiðunum sjóðsins (-50fm).

Skortur á félagsaðstöðu og tímstundastarfi – utan kennslutíma virðist nemendum í 7.-9. bekk mjög hugleikinn – auk þess sem þeim þykir lítið við að vera á skólalóð í Vík í frímínútum vegna skorts á leiktækjum („Völlurinn verður samt kláraður í sumar!“).

Borð og stólar, litir og leki í húsnæði, lélegar græjur og gólfteppi og gluggatjöld eru þættir sem eru nokkuð ákveðið taldir fram sem það sem verði að lagfæra helst án tafa.

Fram kom að yngri nemendur teldu sig ekki velkomna inn í aðalskólahús í Vík þegar þau koma til að sækja tíma í handmenntum síðdegis að loknu hádegishléi sínu. Einnig kom í ljós að einhver óvissa hefði skapast í Leikskálum vegna móttöku barna á leið í íþróttir, þegar þau koma áður en hádegishléi starfsmanna er lokið. Athuga þarf gæslu í frímínútum og skipulag forfallakennslu.

Skólaakstur yngri barna úr þéttbýlinu til Ketilsstaða er hópi foreldra mjög á móti skapi, en jafnframt komu fram athugasemdir um „skipulagsleysi“ á framkvæmd og óvissu um heimkomutíma barnanna.

Fyrir liggur að foreldrar hafa gert alvarlegar athugasemdir við það að tilteknir hópar nemenda fá ekki kennslustundafjölda í samræmi við lögbundið lágmark. Skólinn hefur ekki lýst því sem stefnu sinni að viðhalda slíku – þvert á móti taldi skólastjóri einboðið að breyta því fyrir næsta ár - enda gildandi lög nokkuð ótvíræð bæði varðandi ákvæði um dagafjölda og lágmarksfjölda kennslustunda á viku. Jafnframt komu fram ákveðnar athugasemdir af hálfu foreldra barna í 5. bekk vegna þess að þau hafa eyður í stundaskrá fleiri daga.

5.9 Það sem er best við skólann

Allir þekkja alla í skólanum og það er „gott fyrir marga – en vont fyrir suma, ef mönnum er strítt t.d.“ – eins og kemur fram frá nemendum. Margir hópar nemenda sögðu að „allir væru vinir“ og að þau stæðu saman sem hópur sem þeim fannst greinilega „frábært.“ Kórinn er góður kostur fyrir marga – nemendur, foreldrar og starfsmenn eru á einu máli um það. Með sama hætti er mótuneytið það sem krakkarnir segja hiklaust að sé frábært og þær nafngreindu konur sem fyrir þeirri þjónustu standa fá einróma lof. Leiktækin inni í frímínútum (í Vík) eru talin mjög jákvæð. Einstakir kennarar tilgreina góða vinnuaðstöðu í Vík.

Skólaskemmtanir og skólaferðalög eru eitthvað sem er talið mjög jákvætt af nemendum (þrátt fyrir óvissu um framkvæmd - sjá áður 5.8).

Foreldrar tilgreina góða kennara og starfsfólk almennt sem helstu kosti skólans.

Fréttabréfi skólastjóra eru gefnir plúsar og vikuáætlanir og samskiptabækur í 1.-4. bekk fá mjög jákvæða dóma. Foreldrafundir á starfstíma skólans fengu jákvæða dóma í hópi foreldranna.

5.10 Almenn niðurstaða

Afskaplega margir þættir sem nefndir eru sem styrkur eða kostur á skólanum og umgjörð skólans er jafnframt af öðrum og í öðru samhengi nefnt sem veikleikar eða ókostir. Þannig er með fámennið eða stærð skólans. Einnig með það að allir þekki alla og allir viti þegar eitthvað er að, en að hinu leyttinu þá geri menn ekki endilega neitt til að breyta því þegar einhverjum vegnar ekki vel í sínu starfi eða samskiptum „af því að það er svo persónulegt.“

Samsöngur krakkanna á Ketilsstöðum vakti sérstaka athygli og ánægju starfsmanna við úttektina – og um leið hversu lítið börnin virtust láta heimsókn ókunnugra trufla sig þrátt fyrir forföll í kennaraliðinu þennan tiltekna dag. Þessi þáttur leggur augljóslega grunn að skólabrag sem unnt er að byggja á mikilvægar kröfur um þátttöku og gagnkvæmni í samskiptum.

Á sama hátt virkuðu eldri krakkarnir „hress“ og frjálssleg og mörg þeirra virtust eiga auðvelt með að koma sínu máli til skila. Einlægni þeirra og opinskáar upplýsingar um suma hluti í samskiptum við starfsmenn skólans er ekki af hálfu „gesta“ við úttektina túlkuð á annan hátt en sem

vísending um að þar séu á ferð öflugir einstaklingar sem gera miklar kröfur um að þeim sé svarað og sinnt. Það er samt sem áður ljóst að þau hafa um leið ríka þörf fyrir skýrar viðmiðanir og aðhald af hálfu skólans og heimila sinna. Bregðist þau mörk sem þeim eru þannig sett eða byggja þau ekki á gagnkvæmni getur „unglingamenningin“ fljótt náð sterkari tókum á framgöngu hópsins almennt.

5.10.1 Misvísanir

Fyrir liggur að starfsmenn skólans og skólastjóri vinna ekki nægilega vel saman að því er varðar framkvæmd á „stefnu“ skólans, sem m.a. má rekja til þess að stefnan er ekki alveg skýr fyrir öllum og ákvarðanir skólastjóra virðast þannig ekki alltaf virka í nægilega góðu röklegu samhengi við það sem hefur verið undirbúið. Misvísandi skilningur á hlutverki aðstoðarskólastjóra og því umboði sem fylgir kennsluumsjón á Ketilsstöðum kemur m.a. fram í því að skólastjóri hefur ekki eftirlátið aðstoðarskólastjóra neitt sjálfstætt umboð til ákvarðana – né heldur takmarkað það með formlegum hætti – en þrátt fyrir það er aðstoðarskólastjóri að ýmsu leyti útilokaður frá því að taka fulla staðgengilsábyrgð (skv. lögum) gagnvart því starfi sem fram fer í Vík.

Það er nokkuð skýrt að skólanefndin og meirihluti sveitarstjórnar – ásamt sveitarstjóra annars vegar – og skólastjóri og starfsmenn skólans hins vegar hafa misvísandi skilning á hlutverkum aðila og þannig ólíkar væntingar. Með sama hætti eru hópar foreldra að svo miklu leyti á öndverðum meiði um skipan mála að það

út af fyrir sig gerir erfitt fyrir að skapa samræður og traust milli aðila. Starfsliðið vinnur ekki með afgerandi undirbúning af hálfu skólastjóra, t.d. í formi skriflegra gagna og umræðutillagna, sem gæti gert aðilum auðveldara að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli samráðs og sameiginlegrar ákvörðunar. Starfsmenn telja einnig tækifæri til að taka nemendur og foreldra með í skipulagningu og framkvæmd félagsstarfs undir merkjum skólans, en segja það ekki hafa verið notað sem skyldi.

5.10.2 „Allir á móti öllum“

Ástandi af þessu tagi má lýsa þannig – auðvitað í einfaldaðri og talsvert ýktri mynd – „að þar séu allir á móti öllum, þegar allir þyrftu að vera í sama liði.“ Ekki er samt um það að ræða að það séu opnar illdeilur milli hópa í kring um skólann eftir því sem úttektaraðilar fá greint þó skoðana-ágreiningur séu augljóslega nokkuð djúpstæður og hafi m.a. skapað kláran „minnihluta“ í sveitarstjórn við síðustu kosningar – að sögn fulltrúa meirihlutans í sveitarstjórninni. Oddviti minnihlutans staðfestir það og vísar til þeirra kjörorða sem framboðið fór fram undir – en það skilaði tveimur fulltrúum í sveitarstjórn. Í þessu samhengi benda upplýsingar til þess að „minnihlutinn“ telji sig með köflum útilokaðan frá eðlilegum samskiptum við skólann sinn – sem bókstaflega getur hamað árangri eða úrvinnslu erfiðra mála sem upp kunna að koma.

Einhver hluti skólafólksins virðist eiga talsvert erfitt með að vinna með sumum foreldrum, sem eru líklega skilgreindir

sem hluti af „minnihlutahópnum“ (sem af einhverjum er þá kallaður „óánægjuhópur“).

5.10.3 Stjórnun

Skólastjóri er ekki í munni viðmælenda gerður ábyrgur fyrir gildandi skipan. Skólastjóri gengur engu að síður inn í það hlutverk að taka fulla ábyrgð á daglegri framkvæmd og getur þannig lent á milli í þeim ágreiningi sem fyrir liggur – og ekki hefur beinlínis að gera með daglegt starf skólans. Það er nokkuð ljóst að slíkt á sér stað og einnig að skólastjóri nýtur tæpast nægilega mikils trúnaðar – beggja hópa foreldra og starfsmanna – til að tryggja starfinu með nemendum ótruflaðan framgang og forgang. Með sama hætti er samskiptasnið skólastjóra og „hálfkæringur“ í svörum atriðið sem skapar greinilegt óöryggi meðal sumra viðmælenda.

Það skipulag félagsmála sem sett er fram af skólastjóra og kynnt með áætlunum skólans virðist til þess fallið að skapa samstarfsflöt, en einhverra hluta vegna er ekki að sjá að það virki til fulls eða þá að það nær ekki með nógu ákveðnum hætti til eldri barna og foreldra þeirra.

Breytingar frá því sem var fyrir sameiningu skólanna hafa etv. að einhverju leyti orðið til þess að hefðir skólanna hafa látið undan síga. Nýsköpunarstarfið sem Ketilstaðaskóli vakti á sér athygli fyrir hefur t.d. alveg lagst af um sinn. – Það sama verður þó alls ekki sagt um kórstarfið sem tengt er tónmenntarkennaranum sem jafnframt er aðstoðarskólastjóri. Fram kemur hjá

foreldrum og starfsmönnum skýr ósk um að kórstarfið verði tekið inn í stundaskrá að nýju.

Ekki liggur fyrir nein formleg stefnumörkun sem leggur grunn að því að nýta markvisst sérstöðu skólans, umhverfisins eða byggðarlagsins, en vísað er til jákvæðrar reynslu af einstökum verkefnum – t.d. við örnefnaskráningu. Starfsmenn og foreldrar telja að í þessu liggi vannýtt tækifæri og skólanámskrá gefur undir fótinn með frekari úrvinnslu málsins.

6 Frekari umfjöllun varðandi þau atriði sem könnuð voru

6.1 Skipulag og stjórnun

Ekki liggja fyrir erindisbréf og starfslýsingar sem staðsetja verkefni og hlutverk aðila þannig að auðvelt sé að tryggja skilvirka og hnökralausa stjórnun. Það eru heldur ekki aðgengileg gögn sem lýsa hvernig aðilar vinna saman, hvernig ákvarðanir eru teknar eða því lýst á hvaða forsendum einstaklingar (foreldrar og nemendur) fá úrlausn sinna mála. Jafnframt kemur fram frá aðilum að þegar að skólasameiningu var unnið hafi verið „rætt um að minnka kennsluskyldu á skólastjóra“ amk. tímabundið til að skapa svigrúm fyrir markvissa stefnumótunarvinnu. Þetta svigrúm hefur ekki verið skapað þó ljóst sé að ráðning aðstoðarskólastjóra auki við starfsheimildir skólans umfram lágmarksviðmiðanir gildandi laga. Það er alfarið ákvörðunatriði sveitarstjórnar hvernig starfsheimildir skólans eru skilgreindar og hvernig einstök verkefni eru staðsett varðandi rekstur, áætlanagerð og umsýslu umfram það sem lög beinlínis mæla fyrir um.

6.1.1 Niðurstaða

Ljóst má vera að það skortir nokkuð á að skýr verkaskil og hlutverkaskil liggi fyrir milli skólanefndar, sveitarstjórnar og sveitarstjóra annars vegar og skólastjóra hins vegar. Þessu er mikilvægt að breyta með því að staðfesta skilgreind erindisbréf og starfslýsingar og formgera nánar til-

teknar vinnureglur sem aðilar geta þá unnið eftir til framtíðar. Það er ákvörðunatriði sveitarstjórnar að staðsetja verkefni, frumkvæðisskyldu, umboð og ábyrgð starfsheita og starfsnefnda innan ramma gildandi laga. Eðlilegt er að höfð verði hliðsjón af viðmiðunum sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendi frá sér 1996 með samráði við samtök skólastjóra og kennara.

Jafnframt er mikilvægt að til verði skýr verkaskipting milli einstakra starfsheita innan skólans (stjórnenda, fagstjóra, umsjónarkennara) og nokkuð ítarleg lýsing á úrlausn mála og þjónustu, en þá að sjálf-sögðu sem hluti af markvissri stefnumörkun skólans undir forystu skólastjóra. Slíka stefnumótun er mikilvægt að skólastjóri eigi samráð um við skólanefnd og við foreldraráð um leið og viðtæk þátttaka starfsmanna í undirbúningi og ákvörðunum getur skipt sköpum fyrir möguleika skólans til að nýta slíka vinnu með markvissum hætti.

6.2 Starfshættir og vinnubrögð í kennslu

Grunnskóli Mýrdalshrepps er lítill skóli þó svo að hann nálgist þá stærð sem þurfti til að viðmiðanir eldri laga gæfu kost á úthlutun starfsheimilda til kennslu í aldursskiptum bekkjardeildum. Skólinn ber merki þess varðandi skipulag að hann hefur hvorki að fullu verið skilgreindur sem samkennsluskóli (með breiðu ábyrgðarsviði umsjónarkennara) né heldur sem bekkjaskóli með faggreindri kennslu í flestum greinum. Það virðist einnig

einungis takmarkaður rökstuðningur liggja að baki því að svo margir kennarar skuli koma að kennslu yngri barnanna á Ketilsstöðum, - alveg burtséð frá þeirri tilhögun að börnin sæki íþróttir og handmenntir til Víkur en sund að Skógum. Umsjónar-kennari í 1. bekk kennir aðeins 8 stundir á viku, - en alls koma átta kennarar að kennslu þessa hóps, – fyrir utan forfalla-kennara. Jafnframt er eðlilegt að líta til þess að yngsti hópurinn sækir kennslu alls á fimm stöðum (Ketilsstaðir, Skógar, Vík - skóli, Vík – verkmenntahús, Vík – Leik-skóli).

Í 5.-7. bekk eru eyður í stundaskrá, auk skerðingar á vikulegum tíma. Ekki liggur fyrir – að mati foreldra - viðunandi skýring á því, af hálfu skólans, hvers vegna þetta er með þessum hætti. Spyrja má hvort skólinn hefur ekki nægar röksemdir fyrir því að auka fremur við virkan kennslutíma nemenda í 5.-7. bekk en draga um leið úr kostnaði við tvöfaldan skólaakstur. Jafnframt getur komið til skoðunar að samþætta félags- og tómsundastarf við skóla-dag allra og nýta skólaaksturinn þannig betur. Mikilvægt er undir öllum kringum-stæðum að koma í veg fyrir dauðan bið-tíma hjá nemendum.

Skólinn er einungis að hluta til skipulagður sem ein starfseining. Þetta skýrist að sumu leyti af því að það er á einhvern hátt áskilið (án þess að það sé skráð í erindis-bréf eða starfslýsingu) að aðstoðarskóla-stjóri skuli starfa á Ketilsstöðum en skóla-stjóri hafa sína viðveru í Vík. Aldurshópar eru skiptir á milli og það er afar lítið unnið sameiginlega með þessum tveimur

hópum, sem í sjálfu sér þyrfti ekki endilega að vera þannig þar sem yngri börnin koma öll til Víkur reglulega (tvo daga í viku).

Nöfnin Ketilsstaðaskóli og Víkurskóli eru föst í munni margra viðmælenda og undir-strika þessa skiptingu einnig. Þessi skipting hefur ótvíræða neikvæða fylgifiska og truflar að einhverju leyti samskipti við foreldra sem eiga börn á báðum kennslu-stöðum. Það virðist þannig að sumu leyti mega segja að þetta séu tveir skólar en ekki einn. Þannig mætti spyrja hvort ekki hefði verið eins skynsamlegt að reka skólana algerlega sem sjálfstæðar einingar - með tveimur skólastjórum – eins og að sameina skólana fyrst ekki var gengið skýrar fram í að vinna úr því óhag-ræði sem aðskilin starfsemi veldur.

Kennsla einstakra kennara var ekki skoðuð sérstaklega en engin stefna um mat og umbætur á þeim starfsþætti liggur fyrir þegar unnið var við úttektina.

6.2.1 Niðurstaða

Það virðist mikilvægt að glíma við þessar skipulagslegu þversagnir og staðfesta með formlegri stefnumótun hvaða viðmiðanir skólinn leggur til grundvallar. Að hluta til má taka á þessum þætti með því að skilgreina hlutverk aðstoðarskólastjóra (starfs-lýsing) þannig að í því felist tiltekið umboð skólastjóra til umsjónar með kennslu á Ketilsstöðum (sé miðað við þá skiptingu sem er á). Jafnframt er mikilvægt að skólastjóri leggi fram skýra stefnu og rök-stuðning á þeim viðmiðunum sem notaðar eru við gerð stundaskrár og útskýri grund-völl fyrir ákvörðunum um kennslu kennara.

Á grundvelli slíkrar sýnilegrar stefnu-mörkunar er unnt að kynna starfsemi skólans og viðmiðanir og gefa kost á samræðum og skoðanaskiptum um grundvallaratriði.

Mögulegt er auðvitað á hinn bóginn að bregðast við þeim ókostum sem af aldursskiptingunni leiðir með því að freista þess að draga úr skiptingunni m.a. með því að skilgreina hlutverk aðstoðarskólastjóra upp á nýtt og þá þannig að starf hans yrði ekki einangrað við Ketilsstaði (eins og nú er) – jafnframt yrði reglulega um að ræða samstarfsverkefni og samskipti nemenda (etv. tvö síðdegi í viku) beggja aldurshópa sem fram færu í Vík.

6.3 Samskipti og traust milli aðila

Það er þegar komið fram að ágreiningur um skipulag skólamála í sveitarfélaginu hefur valdið tiltekinni spennu sem ekki hefur horfið. Á sama hátt leiðir tiltekin misvísun á hlutverkaskiptingu til þess að það er ekki skýr samhljómur í þeim væntingum sem sveitarstjórn og skólanefnd láta í ljós (fulltrúar meirihlutans) annars vegar og þeim skilaboðum sem skólinn sendir frá sér og skólastjóri ber ábyrgð á að túlka og kynna fyrir foreldrum og nemendum. Þannig vakti það athygli úttektaaðila að skólastjóri orðaði það þannig að „hún vissi ekki hvernig þau ætluðu að auglýsa stöðu aðstoðarskólastjóra“ – sem bendir ótvírætt til þess að þau, sem hér vísar til sveitarstjóra og skólanefndar eða oddvita, hafi ekki beinlínis rætt það fyrirfram við skólastjóra hvernig að slíkri auglýsingu yrði staðið. Og aðspurður þá svaraði skólastjóri því á

þann veg að það væri sveitarstjórn sem hefði ráðið aðstoðarskólastjóra 1998 og að óbreyttu þá yrði það þannig áfram þar sem engin samþykkt eða erindisbréf ákvæði neitt annað. Ekkert er því til fyrirstöðu að skólastjóri gæti haft að því frumkvæði að leita samráðs um það hvernig staðið er að auglýsingu og ráðningu staðgengils, það er amk. ekki óeðlilegt að líta svo á þó engin staðfest regla sé fyrirbyggjandi. (Nú hefur Mýrdalshreppur auglýst eftir aðstoðarskólastjóra án skilyrða um staðsetningu eða starfsstöð.)

Starfsmenn skólans eru varkárir í upplýsingu sinni og hafa ekki átt frumkvæði að því að tjá afstöðu eða reynslu. Það er eðlilegt að líta til þess að skólastjóri og maki hennar eru hluti af starfslíði skólans og samherjar í kennslu um leið og hafa verður í huga að maki sveitarstjóra er kennari um lengri tíma. Kennari í skólanum um 10 ára skeið gengdi starfi skólastjóra í Víkurskóla – fyrir sameiningu, aðstoðarskólastjóri var áður skólastjóri á Ketilsstöðum (hefur nú sagt starfi sínu lausu). Auk þess er oddvitinn hjúkrunarfræðingur skólans. Þetta er þannig býsna náíð samfélag og þess því ekki að vænta að einstakir starfsmenn telji auðvelt að koma fram með beinskeyttar athugasemdir þar sem persónuleg nánd er svo mikil og þar sem svo snarpir flokkadrættir hafa orðið í hópi foreldra. Nauðsynlegt er því að túlka upplýsingar með hliðsjón af þessu.

6.3.1 Niðurstaða

Í Mýrdalshreppi virðist auðveldara að „tala um“ hluti og jafnvel „um fólk“ að því er

varðar málefni grunnskólans, heldur en beinlínis að „tala saman“ og „leita sameiginlegra lausna.“ Það er ekki fyrir hendi skýr tilfinning fyrir því að „menn séu allir í sama liði“ og þess vegna skapast núningur milli aðila, misvísun og etv. misskilningur sem getur tekið mikla orku, dregur úr starfsgleði og spillir árangri til lengri tíma. Við þessu þarf að bregðast með markvissum aðgerðum.

Hér er beinlínis stungið upp á að unnið verði á grundvelli stefnumörkunar að því að skapa farveg fyrir samstarf aðila með opinskárri hætti en verið hefur. Foreldrasamstarf fái aukið vægi í starfi skólans og verði miðað að því að búa til vettvang fyrir samræður og þátttöku þeirra í ákvörðunum og aðgerðum til lausna á skilgreindum vanda. Hluti af formlegum hlutverkalýsingum verður að ná til foreldraráðs og til verkefna við umsjón með tilgreindum starfsþáttum innan skólans, til hlutverks umsjónarkennara og hvernig foreldrafræðsla (upplýsingar) getur best farið fram. Skilvirk forvarnarstefna og samhæfing þjónustukerfa sem börn og barnafjölskyldur þurfa á að halda getur átt sér stað með virku frumkvæði sveitarstjórnar og nefnda í nánú samráði og með þátttöku skólastjóra, kennara og foreldra skólabarnanna. Til þess virðist grundvöllur eftir því sem forráðamenn sveitarfélags, skólastjóri og formaður foreldraráðs tjá starfsmönnum við úttektina.

6.4 Viðhorf nemenda og foreldra til skólans

Foreldrar eru ekki óánægðir með þátt skólans í árangri barnanna eins og sjá má

af svörum þeirra. Jafnframt liggur foreldrum almennt gott orð til kennara – einkum umsjónarkennara. Viðhorf foreldra er samt almennt ekki jákvætt til skólans, skipulags hans og stjórnunar. Jafnframt settu einstakir foreldrar afgerandi athugasemdir við það að ekki skuli staðið við ákvæði viðmiðunarstundaskrár um lágmarksfjölda kennslustunda hjá einstökum hópum.

Mismunandi nemendahópar hafa ólíka upplifun af skólanum og því sem skólinn skapar þeim aðgang að. Þar er greinilegt að „unglingameningin“ setur harða pressu á hóp eins og 9. bekk en er ekki svo mikið farin að móta umhverfi þeirra sem eru í 5.-7. bekk. Það var að ýmsu leyti neikvæður undirtónn hjá nemendum (sérlega í 9. bekk) – sem virðist spegla ákveðið „nagg“ og „höldur“ – þar sem fram kemur að einstakir starfsmenn og ekki síst skólastjóri taka ekki fullt mark á athugasemdum nemenda.

Með sama hætti er ljóst að „minnihlutinn“ (í hópi foreldra) sem ekki er ánægður með skipan skólamála telur sig útilokaðan frá því að hafa áhrif – og upplifir þannig að einhverju leyti – með réttu eða röngu - að það sé alls ekki hlustað á neitt sem menn segja úr þeim hópi.

6.4.1 Niðurstaða

Það er mjög áriðandi að glíma við þá þversögn að foreldrar segjast almennt ánægðir með samskipti sín við umsjónarkennara (kennarana almennt) en kennarar virðast á hinn bóginn hafa talsvert neikvæða tilfinningu fyrir samstarfi við foreldrana.

Þarna virðist á ferð tiltekið vantraust milli aðila sem vænlegt er að glíma við með reglubundinni gagnaöflun frá foreldrum og auknum og formlegri samskiptum.

Foreldraráðið er tiltækt sem vettvangur, en því þarf að gefast bæði meiri fyrirvari að samráði og skýrari undirbúningur gagna. Jafnframt er virðist einboðið að nýta jákvæða reynslu foreldra af samskiptum við kennara og fela umsjónarkennurum skýrara umboð. Hugsanlegt er að efling félagsstarf og lenging skóladagsins með samþættingu verkefna geti unnist best í virku samstarfi við foreldrana – þar sem þeir fengju beint hlutverk.

6.5 Einstaklingsþjónusta og sérfræðiþjónusta – stoðkerfi

Í skólanámskrá segir að til að skólinn geti komið til móts við mismunandi getu nemenda sé boðið upp á sérkennslu tíma-bundið eða til lengri tíma. Sérkennslan er skipulögð í samvinnu við umsjónarkennara og kennsluráðgjafa skólaskrifstofu. Foreldrar og nemendur eru enn fremur hvattir til að leita til starfsmanna skólans þegar á þarf að halda og í námskránni er tafla sem segir hvert foreldrar og nemendur geti snúið sér og hverjir fjalli um vandamál eftir eðli þeirra.

Í viðtölum og könnunum kom fram að mikill meirihluti nemenda taldi sig fá hjálp ef þeir lentu í vandræðum í námi eða samskiptum. Foreldrar sögðu að nemendur með sérþarfir fengju ekki endilega nám við hæfi - né heldur hinir afkastamiklu. Starfsmenn nefndu að vegna fámennis væri

hægt að huga vel að einstaklingsþörfum allra nemenda.

Stefna skólans varðandi einstaklingsúr-ræði kemur ekki greinilega fram í skólanámskrá né fyrirkomulag þjónustunnar eða yfirleitt hvernig skólinn kemur til móts við börn með sérþarfir og börn með sér-tæka hæfileika. Þar sem ekki er starfandi sérkennari við skólann hefur skólinn leitað mikið eftir aðstoð kennsluráðgjafa á skólaskrifstofu sem aðallega hefur fengist við lestrar- stærðfræði- hegðunar- og samskiptamál nemenda, (sjá fylgiskjöl). Almennt eru ekki unnar einstaklingsnámsáætlanir fyrir nemendur í sérkennslu og ekki er ráðstafað sérstökum vinnutíma til umsjónar með einstaklingsúr-ræðum. Fram kom að aðgengi að þjónustu talmeinafræðinga, sjúkra- og iðjupjálfa væri takmarkað í sveitarfélaginu.

Á Ketilsstöðum eru nemendur oftast teknir út úr kennslu þegar þeir fara í sérkennslu og fer kennslan fram í tónmennta- og föndurstofu og á kennarastofu. Sú tilhögun er oft að vali nemenda. Ekki virtist sá möguleiki nýttur að taka aðra nemendur með en fram kom að nemendum þótti gaman að fara í sérkennslu. Að mati kennsluráðgjafa skólaskrifstofu er rúmur tími ætlaður í sérkennslu yngri barna.

Í Vík er engin sérmerkt aðstaða fyrir sérkennslu en lítil stofa er nýtt fyrir einn fatlaðan nemanda. Næsta vetur er fyrirhugað að nýta raungreinastofu fyrir sérkennslu en til að komast í það rými þarf að ganga í gegnum aðra kennslustofu eða í

gegnum stofuna sem fatlaði nemandinn hefur til afnota.

Í Grunnskóla Mýrdalshrepps eru nokkrir fatlaðir nemendur. Það vekur sérstaka athygli hver staða eins nemandans er í skólann. Honum er kennt í sérstofu án samskipta við jafnaldra. Honum stendur ekki til boða að taka þátt í félags- og tómstundastarfi skólans né skólaferðalögum og á meðan á þeim stendur er hann heima. Sterkar ábendingar komu fram um skert námstilboð og veika félagslega stöðu þessa nemanda í skólanum

6.5.1 Niðurstaða

Sökum fámennra bekkjardeilda ætti að vera hægt að sinna flestum sérþörfum einstaklinga innan kennslustofu, að því gefnu að starfsmenn hafi nægan undirbúning og þekkingu. Við þá skipan missa nemendur ekki af annarri kennslu á meðan og um leið geta sérúrræði nýst fleiri nemendum.

Í Grunnskóla Mýrdalshrepps eru nokkrir nemendur með ríkar sérþarfir og er ljóst að skólinn þarf að vinna mikla skipulagsvinnu til að geta mæta þörfum þeirra. Greinilegt er að skólinn, Skólaskrifstofa, Svæðisskrifstofa, heilsugæsla og aðrar stofnanir, allt eftir þörfum nemenda hverju sinni, þurfa að vinna betur saman.

Mikilvægt er að kalla til sérfræðipjónustu s.s. talmeinafræðing, blindraráðgjafa, iðju- og sjúkráþjálfara við sértæk úrræði og jafnframt að nýta þessa aðila samhliða fyrir aðra nemendur. Tengiliður Skólaskrifstofu Suðurlands fær engu að síður jákvæða umsögn eftir því sem það kemur beint fram.

Gagnvart einstaklingsúrræðum þarf að liggja fyrir almenn stefnumótun og skýrt skipulag varðandi úrvinnslu, framkvæmd, samstarf þ.m.t. samstarf við foreldra og ábyrgð. Mikilvægt er að allir (innan og utan skóla) sem sinna nemendum með sérþarfir hittist formlega (t.d. tvisvar til þrisvar sinnum á skólaárinu) til að meta stöðuna og horfa til framtíðar. Við skólabyrjun þarf námstilboð og skipulagning sérúrræða næsta vetrar að liggja fyrir. Fyrir nemendur sem rétt eiga á sérstakri þjónustu þarf að vinna þjónustuáætlun. Leita þarf leiða til að styrkja kennara til að vinna einstaklingsnámskrá og jafnframt að koma á skilvirku samstarfi allra þjónustuaðila.

6.6 Skólareglur og agi

Skólareglur liggja fyrir. Þær gera ekki ráð fyrir því að öll viðurlög og viðbrögð séu ákveðin fyrirfram en útfæra ekki með beinum hætti hvernig sameiginlegri niðurstöðu verður náð með foreldrum. Ekki er samkvæmt reglunum heimilt að víkja nemanda út úr kennslustund og ekki liggur heldur fyrir hvernig leyst skuli úr málum ef skólabílstjóri grípur til þess ráðs að neita að flytja nemanda í skólann. Nú er komin út ný reglugerð (nr. 270/2000), sem krefur skólann um endurskoðun á þessum þætti þannig að því verði lýst hvernig unnið verður með foreldrum og nemendum að því að setja reglur. Jafnframt þarf að skilgreina hvernig unnið verður með ágreining og agabrot – upplýsingum miðlað og síðan unnið að því að ná fram úrbótum. Samhliða því verður að tiltaka umboð og hlutverk einstakra starfsheita í skólanum varðandi beitingu viðurlaga.

6.7 Framtíðarsýn skólans – áætlanir og þróunarverkefni

Ekki liggur fyrir nein bein áætlun um skilgreind þróunar- eða umbótaverkefni af skólans hálfu. Það er heldur ekki fyrir- liggjandi klár lýsing á áformum um endurmenntun starfsmanna (sbr. lög nr. 66/1995, 50. gr.) né heldur að það liggi fyrir markvisst mat á þekkingarþörf skólans til lengri eða skemmri tíma. Með sama hætti er ekki til formleg áætlun um lögbundið sjálfsmat skólans (sbr. lög nr. 66/1995, 49. gr.).

Skólinn býr við það að hafa aðgang að takmörkuðum fjölda kennara með starfsréttindi og sérhæfða fagþekkingu. Þar sem leiðbeinendur eru ráðnir til kennslu með misjafnan bakgrunn kann að vera eðlilegt að skapa skólum möguleika til að verkstýra kennslu þeirra með formlegri hætti heldur en þegar menntaðir kennarar annast alla kennsluna. Eðlilegt er að slíkt verði gert með almennri stefnumótun skólans um fagstjórn eða árgangastjórn (stigstjórn/deildarstjórn) – og þannig verði það hluti af áætlunum skólans og vinnuleiðbeiningum. Þetta mun ótvírætt kalla á tiltekinn kostnað en rökrétt er að benda á um leið að leiðbeinandinn tekur lægri laun en fagmenntaður kennari með leyfisbréf.

6.7.1 Niðurstaða

Það verður að teljast líklegt að skólinn hafi ávinning af því starfslega að sinna þeirri skyldu að móta endurmenntunarstefnu sem byggist á markvissu mati á þekkingarþörf. Með sama hætti má ætla að burðug áætlun um sjálfsmat geti fljótt skilað ár-

angri fyrir skólastarfið og hjálpað til við að skerpa stefnumótun skólans. Forsenda fyrir því að setja ákvæði um slíka áætlanagerð inn í lög hlýtur að vera sú að það sé nokkuð staðfest vissa að slíkt sé líklegt til umbóta í starfi skólans.

Jafnframt er nokkuð gefið að styrk leiðsögn við leiðbeinendur og verkstjórn í kennslu almennt – í gegn um fagstjórn eða umsjón með samstarfi kennara (árgangastjórn) – mun bæta starfið og árangur nemenda. Til slíks þarf fyrst og fremst skýrari stefnumörkun og hlutverkalýsingar og trúlega einhverja rýmkun starfsheimilda ásamt (aðkeyptum) stuðningi frá fagadílum.

7 Skólanámskrá

Mat á skólanámskrá skólans og viðmiðanir um það hvað slík stefnumörkun þurfi að taka á eru um margt umdeilanlegar. Kemur þar bæði til að langþróuð hefð er ekki fyrir hendi og einnig hitt að það sem kann að vera lýsing á góðum skóla í stærra þéttbýlinu – gæti að einhverju marki hljómað afkáralega í byggðarlagi eins og Mýrdalshreppi. Samt sem áður er leitað viðmiðana í stefnumótun Fræðslu-miðstöðvar Reykjavíkur bæði að því er varðar lýsingu á góðum skóla⁶ og einnig að því er varðar mat á skólanámskrá. Þannig má tvímælalaust hafa hliðsjón af gátlista Ingvars Sigurgeirssonar prófessors í KHÍ⁷ (í samstarfi við FMR) við slíkt mat. Skólarýnir, sem er sjálfsmatslíkan Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri, leggur til skilgreiningu á gangverki grunnskólans⁸ sem getur verið til viðmiðunar við mat á stefnumótun og skólanámskrárgerð og kynningu á framtíðarsýn stjórnenda, áherslum og áætlunum skólans og samskiptum við foreldra.

Miðað við tiltæka mælikvarða má líta svo á að skólanámskrá Gunnskóla Mýrdalshrepps sé miklu fremur upplýsingarít heldur en stefnumarkandi samskiptarít. Skólanámskráin flytur greinargóðar og aðgengilegar upplýsingar til heimilanna, en felur ekki í sér umtalsverðan rökstuðning eða skýra markmiðssetningu. Þannig er

⁶ Sbr. fylgiskjal 24 með Starfsáætlun fræðslumála Reykjavíkur 2000.

⁷ Sbr. <http://syrpa.khi.is/~ingvar/Namskra/fraelok.html>

⁸ Skólarýnir, RHA 1999, sjá fylgiskjöl.

ekki að finna í námskránni beina útfærslu á því hvernig (og að hvaða marki) skólinn hyggst koma til móts við ólíkar námsþarfir einstaklinga (sbr. 2. gr. laga nr. 66/1995), hvernig brugðist skuli við einelti, hvernig skólinn skipuleggur foreldrabátttöku og rökstyður mikilvægi slíks, þar er ekki að finna áætlanir um sjálfsmat, endurmenntun starfsmanna né umbótalýsingu og þróunarverkefni.

Einnig er sá þáttur skólanámskrárinnar sem fjallar um kennslu og kennslugreinar að miklu leyti lagður undir beina upptalningu á atriðum sem eru áskilin í námskrá – og tiltekna vísan til kennslubóka fremur en að um sé að ræða útfærslu á markmiðum, mælikvörðum eða lýsingu á þjónustu við nemendur. Námskrárþættirnir sem fyrir liggja í skólanum eru skýrir og aðgengilegir og þurfa að vera fyrir hendi sem bakgrunnur að kennsluáætlunum einstakra kennara. Það getur síðan verið áhorfsmál hversu mikill hluti þess á beint erindi í það sem kallað er skólanámskrá.

Eins og hér er rakið og hefur komið fram að nokkru leyti áður er greinilega umtalsvert verkefni óunnið í skólanum varðandi stefnumótun og útfærslu á fyrirmælum laga og námskrár – ásamt lýsingu á starfsemi og þjónustu. Stefnumótun og skólanámskrárgerð tekur raunar aldrei enda vilji menn á annað borð halda uppi framsæknu starfi.

Ástæða er til að hafa í huga að skólar og skólastjórar hafa haft mjög takmarkaða leiðsögn og aðstoð við gerð skólanáms-

krár og þá stefnumótun og áætlanagerð sem gildandi lög fela skólastjórum frumkvæðisábyrgð gagnvart. Grunnskóli Mýrdalshrepps sker sig hreint ekki úr að þessu leyti eftir því sem úttektaraðili hefur upplýsingar og samanburð til að byggja á.

8 Umræða

8.1 Viðhorf og stuðningur yfirvalda

Eins og áður er komið fram þá er alveg ljóst að samstaða forráðamanna sveitarfélagsins með foreldrahópnum og starfsmönnum skólans er ekki afdráttalaust fyrir hendi. Það eru samt sem áður engin efni til að álykta annað en að oddviti, sveitarstjóri og formaður skólanefndar hafi vilja og metnað til að standa við bakið á skólastjóra og skólafólkinu og efla starfsemi skólans og markvissa uppbyggingu. Til þess virðist samt sem áður nauðsynlegt að aðilar nái betur saman og vinni með sameiginlega stefnumörkun. Á grundvelli slíkrar stefnumörkunar ættu að skapast möguleikar til að nýta betur þau tækifæri sem fyrir hendi eru á Mýrdalshreppi til að efla árangur barna og unglinga.

8.2 Forysta; framtíðarsýn skólastjóra og yfirvalda sveitarfélagsins

Skólastjóri leggur ekki fram skýra stefnumörkun eða framtíðarsýn og býður þannig takmarkað upp á rökræður um forgang eða mikilvægar áherslur. Á sama hátt er ekki fyrirbyggjandi opinber stefnumörkun af hálfu yfirvalda sem skólastjóri er með beinum hætti bundinn af eða getur orðið aðili að. Misvísun um hlutverk og umboð aðstoðarskólastjóra ásamt því að ekki liggur fyrir bein stefnumörkun eða verk-efnaröð fyrir aðgerðir til úrbóta dregur eflaust úr skilvirkni starfsmanna. Áætlun um úrbætur húsnæðis, búnaðar og starfslegrar aðstöðu sem skólinn gæti haft umtalsvert gagn af – þarf ekki endilega að fela í sér tafarlaus og óviðráðanleg útgjöld

- en getur hjálpað aðilum til að rökræða og takmarka ágreining sinn eða skoðanamun við einstök málefni.

8.3 Viðhorf nemenda

Nemendum líður oftast vel og þeir eru ánægðir með skólann sinn. Þeim virðast möguleikar framundan til að skila árangri og ekkert sem bendir til annars en að viðhorf þeirra séu „heilbrigð“ um flesta hluti. Það er samt augljós tvöfeldni þegar kemur að því að skoða útivistarreglur og viðhorf til „unglingamenningar.“ Krakkarnir - og að líkindum foreldrarnir einnig – álíta umhverfið svo öruggt og langt frá hættum nútímans að ekki sé þörf á að fylgja „landslögum um útivistartíma“ (gildir fyrir þéttbýlið). Þessi afstaða kann að skipta máli þegar unnið er með aðrar tegundir af reglum og glímt við t.d. einelti og útilokun einstaklinga. Það er ástæða til þess fyrir foreldra og yfirvöld í sveitarfélaginu að skoða hvernig þessir þættir geta unnið með skólanum – eða hvernig þeir geta unnið gegn markmiðum skóla og uppeldisstarfs og grafið undan árangri einstaklinga.

8.4 Viðhorf foreldra til skólans og tengsl skóla við foreldra

Foreldrasamstarf er greinilega ekki nægilega traust og skortir tiltekna gagnkvæmni. Starfsmenn skólans láta í ljós neikvætt viðhorf til þátttöku foreldra – a.m.k. tiltekins hóps foreldra. Sama gildir um forráðamenn sveitarfélagsins að þeir hafa „misjafna reynslu“ af fundum með foreldrum og virðast ekki hafa fyrirfram trú á að auðvelt sé að skapa samstöðu um skólamálin. Vísað er til funda þar sem mjög hafi skort á málefnalega umræðu. Hópur foreldra

svarar því að þeir efist um að á þá sé yfirleitt hlustað – og gildir það bæði um yfirvöld og skólastjóra eftir því sem næst verður komist.

Heimanámskipulagið er til fyrirmyndar og það staðfesta þeir foreldrar sem hafa af því jákvæða reynslu, en einhverjir telja að það sé ekki fortakslaut notað af hálfu skólans og kennaranna. Samskipti við umsjónarkennara eru fyrst og fremst jákvæð að mati foreldranna og þannig fær einstakur kennari frábæra umsögn. Samskiptabækur í yngri bekkjum fá afdráttalaust jákvæða dóma og sama gildir um fréttabréf skólastjóra. Foreldrafundir eru taldir jákvæðir af foreldrum sem tjáðu sig um þann þátt.

Ástæða er til að velta fyrir sér í fámennum skólum hvernig foreldraráð og foreldrafélag geta samhæft krafta þeirra foreldra sem gefa sig í slík störf. Jafnframt er mikilvægt að skilgreina leiðir fyrir foreldraráð til að eiga samstarf við foreldra almennt og miðla upplýsingum um formleg störf og samstarf sitt við skólastjóra. Það virðist ekki sjálfgefið að foreldraráð og foreldrafélag starfi aðskilið. Í einstökum skólum hafa menn gripið til þess ráðs að sameina starf foreldraráðs og stjórn foreldrafélags og þannig sett foreldraráði starfsramma sem auðveldar fundahöld, samstarf og alla upplýsingamiðlun. Foreldrarráð lýsir því að samstarfsvilji skólastjóra sé fyrir hendi en fram kemur að formaður ráðsins telur að undirbúningur gagna skólans þurfi að vera formlegri og

tímanlegri til þess að ráðið geti sinnt skyldum sínum með þægilegu móti.

8.5 Væntingar um árangur – kröfur og metnaður skólans

Skólinn í sveitarfélaginu (Víkurskóli) hefur skilað stórum hópum nemenda með ágætan námsárangur um lengri tíma undanfarið. Núverandi skipan hefur ekki breytt neinu um það á þessum tveimur árum þannig að unnt sé að fullyrða að breyting hafi komið fram á árangri eða eigi yfirleitt nokkuð skylt við skólabreytinguna. Dreifing einkunna getur gefið vísbendingu um að árangur þeirra sem verst eru settir megi bæta.

8.6 Aðstaða skólans og búnaður

Húsnæði skólans er ekki hentugt eins og staðan er. Þar vantar talsvert mikið upp á, og ný sérbúin kennsluáðstaða er ekki í sjónmáli. Húsgögn eru komin á fallanda fót að talsverðu leyti og hafa áhrif á umgengni og viðhorf – þannig dregur jafnvel úr starfsgleði nemenda og kennara.

Með sama hætti er þessi starfslega tvískipting takmarkandi þó hún hafi bæði kosti og galla. Mötuneytið í Vík þarf að afmarka betur og lagfæring búnaðar að hluta afar brýn. Einnig er eldhúsið á Ketilsstöðum allt of þröngt fyrir þann hóp sem það nýtir þó framkvæmdin virðist takast afar vel. Tölvustofan og vinnuástaða kennara eru ótvíræðir kostir en spurning hvort þessi atriði eru nægilega sýnileg öðrum aðilum. Milliferðir taka sinn tíma frá stjórnun og daglegri viðveru skólastjóra og aðstoðarskólastjóra – og virðist brýnt að viðurkenna það í ákvörðunum um

vikulega kennslu þessarra starfsmanna. Jafnframt eru kennarar sem fara á milli háðir því að sá tími reiknast ekki til viðveru á vinnustað. Fram kemur frá aðstoðarskólastjóra að gæsla í skólabíl – um lengri tíma - hafi m.a. gert honum erfitt fyrir að leysa sitt hlutverk af hendi eins og best verði á kosið.

8.7 Akstur færð og slysatíðni

Aflað var gagna frá Vegagerð ríkisins um færð og slysatíðni á vegum í Mýrdalshreppi (sjá fylgiskjöl). Fram kemur að slysu eru fremur fátíð í þessu nágrenni og fljótt á litið virðist ekki ástæða til að álíta að umferðarhætta sé meiri á þessum vegum en á þjóðvegum almennt. Færðin sl. vetur hins vegar hefur haft meiri áhrif á skólasókn nemenda í sveitarfélaginu en venjulegt getur talist. Út frá þessum gögnum er samt ekki unnt að fullyrða að flutningur yngri barna frá Vík til Ketilsstaða ógni öryggi þeirra eða sé sem slíkur líklegur til að skapa sérstakt álag á börnin og fjölskyldur þeirra. Það er hins vegar ljóst að skipulagning skólaaksturs, framkvæmd hans, aðbúnaður í bíl og gæsla í skólabíl eru allt atriði sem vaka verður yfir. Forysta skólastjóra og samstarf við skólabílstjóra er lykilatriði til að tryggja að ábyrgð skólans gagnvart börnunum nái til skólaakstursins einnig. Það getur því verið spurning hvernig sérstakt umboð skólabílstjóra til að beita viðurlögum - framhjá skólastjóra – getur samrýmst gildandi reglum og markmiðum og sýnilega ábyrgð. Um leið er mikilvægt að viðurkenna óhagræði og tiltekna hættu sem verður til staðar við skólaaksturinn og koma sérstaklega til móts við foreldra og börn sem sýna ein-

kenni kvíða og óöryggis gagnvart þessum þætti. Lágmarka þarf fjölda milliferða allra nemenda og leggja verður áherslu á samfelli í umgjörð þeirra yngri.

8.8 Einstaklingsþjónusta – sérkennsla - virkni stoðkerfisins

Forföll kennara og annarra starfsmanna taka mikinn tíma frá stjórnendum þar sem þeir eru oft þeir einu sem geta hlaupið í skarðið. Við þær aðstæður koma m.a. upp tilvik þar sem sérkennsla yngstu barna á Ketilsstöðum er felld niður – að sögn aðstoðarskólastjóra. Slíkt er afar erfitt að brúa eins og skipulag skólans og manna-hald er – en telja verður að þetta sé samt sem áður óviðunandi sé litið til þjónustuöryggis þeirra barna sem rétt eiga á sér-tækum úrræðum.

Ekki er alveg ljóst hvaða væntingar starfsmenn og stjórnendur hafa um hlutverk og virkni sérfræðiþjónustu og annarra þjónustukerfa. Skólastjóri lætur það skýrt í ljós að námstjórnarþátturinn og sú leiðbeining sem hægt var að fá frá Skólaþróunardeild menntamálaráðu-neytisins hafi fallið niður að mestu og slíkt sé verulegur missir fyrir svo fámennan og faglega einangraðan skóla. Það skortir nokkuð á að fyrir liggja klár yfirsýn varðandi það hvernig sveitarfélagið vinnur með úrlausn einstaklingsmála þegar kemur að sér-tækum úrræðum. Þjónusta við fatlaða og börn með viðurkenndar sérþarfir er afar dreifð í þessum landshluta og um leið nokkuð fjarlæg og skiptist milli aðila eins og Skólaskrifstofu Suðurlands, Svæðis-skrifstofu um málefni fatlaðra og heilbrigðisþjónustunnar – bæði heilsugæslu-

stöðvar í Vík og sérhæfðar læknisþjónustu annars staðar. Fatlaður nemandi er vistaður í Sandvíkurskóla á Selfossi hluta skólatímans. Samningur sveitarfélaga í Suðurlandi við Árborg um rekstur sérdeildar við Sandvíkurskóla og vistun fatlaðra grunnskólabarna í sveitarfélaginu liggur fyrir, en þess er ekki getið í skólanámskrá Grunnskóla Mýrdalshrepps né heldur að það verði séð að starfsmenn skólans, stjórnendur, foreldrar og þjónustuaðilar hafi það á hreinu hvernig að vistun nemenda skuli staðið.

Hér er um að ræða atriði sem þarf að gefa sérstakan gaum fyrir minni sveitarfélög – þ.e. að hvaða marki þau hafa lagaheimildir til að vísa kennslu og sérhæfðri þjónustu einstakra barna til annarra sveitarfélaga – án þess að fyrir liggja stefnumörkun og bindandi samningar við þjónustuaðila – eða gerðir séu fyrirvarar varðandi réttarstöðu fatlaðra og fjölskyldna þeirra⁹. Hér er því ekki á ferð neitt sérstakt mál fyrir Mýrdalshrepp því sama virðist uppi á teningnum fyrir nokkuð mörg sveitarfélög sem ekki hafa samningsbundinn aðgang að sérdeildum og sérhæfðum úrræðum eða útfærða stefnu eða virkt samstarf við svæðisskrifstofur um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.

⁹Grunnskólinn er fyrir öll börn og unglina á skólaskylduáldri og skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Nemendur skulu eiga kost á að stunda nám í almennum grunnskóla í skólahverfi sínu. Reglug. nr. 389/1996, 1.gr

8.9 Árangursvilji – nemenda og skólafélags - tækifæri

Ekki er nein ástæða til að ætla annað af þeim gögnum sem úttektaraðili hefur aflað en að árangursvilji flestra nemenda sé nokkuð einbeittur. Það er hins vegar allveg ljóst að sá þroskuldur sem felst í því að fara í burtu frá heimili og foreldrum til framhaldsskólanáms hefur áhrif á möguleika einhverra ungmenna til að skila árangri. Hitt vekur samt sem áður athygli að hópur foreldra telur að tækifæri til framhaldsskólanáms hafi frekar batnað ef nokkuð er. Ekki er ólíklegt að stórbættar samgöngur og samskipti eigi þátt í því mati – þannig að unglingar séu nær heimili sínu með reglubundnum helgarfríum, ef rétt er eftir haft.

Það eru ekki fjölbreytt atvinnutækifæri sem blasa við unglingsum – án skólagöngu – úti á landsbyggðinni. Það eru heldur ekki svo margvíslegir möguleikar á afþreyingu eða félagslegu samneyti við jafningja – eða þátttöku í „menningu unga fólksins.“ Með vísan til þess er ótvírætt nokkur pressa á öllum sem til þess hafa forsendur að fara í burtu – í skóla (eða vinnu) – eftir grunnskóla. Samt sem áður má telja líklegt að einstakar fjölskyldur eigi örðugt með að standa að baki sínum unglingsum sem hafa etv. veikar forsendur.

Með tilliti til þess sem fyrir liggur um þekktan árangur nemenda í Mýrdalshreppi má álykta sem svo að foreldrar og skóla-fólk gangi út frá því sem nokkuð sjálf-sögðum hlut að þorri nemenda í 10. bekk nái lágmarksárangri sem skilar þeim inn í

framhaldsskóla. Að því leyti virðast foreldrar hafa traust á grunnskólanum.

8.10 Kostnaður við skólahaldið og starfsheimildir skólans

Ekki er auðvelt að finna skóla sem er samþærilegur við Grunnskóla Mýrdalshrepps varðandi skipulagningu og samsetningu byggðarlags. Fyrir bragðið er ekki gefið að samanburður við eitthvert meðaltal gefi tilefni til marktækra ályktana um kostnað og starfsheimildir. Þess vegna er slíkur samanburður ekki gerður hér. Hins vegar er ljóst að skipting skólans í aldurstig, og fjarlægðir milli kennslustaða kalla á að tiltekinn kostnaður verður óhjákvæmilegur. Ráðning aðstoðarskólastjóra og skilgreining á kennsluskyldu hans er umfram lágmarksviðmiðanir, en auk þess hefur komið fram að stefnt hafi verið að því að minnka kennsluskyldu skólastjóra á meðan skólabreytingar festust í sessi þó ekki hafi orðið af því. Skólahaldið verður að sjálfsögðu að fá starfsheimildir til að geta staðið við lágmarksákvæði um kennslu samkvæmt viðmiðunum (sbr. athugasemdir um skertan kennslutíma) – en um leið verður að skapa svigrúm til þess að óhagræði af skiptingu skólans og skorti á fagmenntuðum kennurum verði mætt með aðgerðum. Þar kæmi t.d. til greina rýmri kvóti til fagstjórnar og skipulagningar kennslu – ekki síst vegna leiðsagnar ófaglærðra starfsmanna.

9 Það sem ótvírætt verðs- kuldar athygli og úrvinnslu

Það liggur fyrir að þeir foreldrar sem gáfu upplýsingar hafa almennt jákvæð viðhorf og reynslu af samskiptum sínum við umsjónarkennara. Jafnframt virðist það vera almennur skilningur aðila að sérstaða byggðarlags, náttúru og umhverfis skapi tækifæri sem ekki séu fullnýtt.

Hér er mælt með því að skólinn og skóla-
yfirvöld byggi stefnumörkun sína og að-
gerðir á þessum þáttum og freisti þess að
efla samstöðu um skólamálin í kringum
viðtæka þátttöku foreldra í skólasterfinu.

Þau atriði sem þarfnast úrbóta með
einhverjum hætti eða ástæða er að taka til
sérstakrar úrvinnslu má, að mati úttekta-
aðila, nálgast með eftirfarandi flokkun;

1. Stjórnkerfi sveitarfélagsins, erindisbréf og starfslýsingar þar sem verkum er skipt milli skólanefndar, starfsmanna á skrifstofu sveitarfélagsins annars vegar og skólastjóra hins vegar. Jafnframt þarf að staðfesta hlutverkalýsingar fyrir aðstoðar-skólastjóra (eða vettvangsstjóra á Ketilsstöðum) og aðra starfsmenn skólans, fagstjóra/deildarstjóra og umsjónarkennara þannig að unnt verði að tryggja sem skilvirkast úrvinnslu allra mála.
2. Styrkja þarf stjórnun og stjórnunarhlutverk skólastjóra umfram það sem leiðir

af hlutverkalýsingum samkvæmt lið eitt hér á undan.

3. Gera þarf átak til að lagfæra brýnustu atriði sem varða húsnæði og búnað skólans. Jafnframt er mikilvægt að vinna að áætlanagerð fyrir lengri tíma uppbyggingu skólahúsnæðis og setja upp áætlun um endurnýjun og viðhald sem tekur af allan vafa um umboð sveitarfélagsins til nauðsynlegra lagfæringa.
4. Efla þarf markvissa vinnu – undir forystu skólastjóra – við stefnumótun og skólanámskráargerð. Þar þarf að koma fram hvernig skólinn skilgreinir áherslur og viðmiðanir. Jafnframt þarf að lýsa þjónustu skólans og rökstuðningi fyrir því vali sem skólinn hefur kosið og skólastjóri ber ábyrgð á að framfylgja. Skólinn þarf að gera grein fyrir áætlunum um umbætur, fyrir þróunarverkefnum, lýsa kennslu- háttum, starfsmannastefnu og samskiptum, foreldrastarfi, sjálfsmati, forvarnarstefnu, öryggismálum o.s. frv. Vinna þarf formlegar áætlanir um þjónustu við einstaklinga með sérþarfir, um einelti og viðbrögð við áföllum og náttúruhamförum. Gera þarf áætlun um hvernig skólinn hyggst nýta sérkenni í umhverfi og náttúru og þær hefðir sem best hafa gefist til að styrkja samheldni nemenda og skóla- samfélagsins í heild. Einnig verður að lýsa þeim skólabrag sem menn vilja skapa og ekki síður eftirsóknarverðum árangri og árangursmælikvörðum sem skólinn vinnur með.

5. Gera þarf áætlanir um fyrirkomulag þjónustu við fatlaða grunnskólakennendur í sveitarfélaginu og staðfesta með hvaða hætti og hvar þeim verður tryggður réttur sinn til vistunar eða þjónustu eftir atvikum. Slíku þarf að lýsa í stefnumótun skólans og kynna fyrir foreldrum. Sérúrræðin verðskulda að fá viðurkenndan forgang gagnvart forfallakennslu – þannig að kennendur gjaldi ekki ófyrirséðra truflana með sama hætti áfram.
6. Meta þarf nýtingu þeirra fjármuna sem sveitarfélagið leggur til rekstrar sérfræðipjónustu í gegn um Skólaskrifstofu Suðurlands og skoða hvort eitthvað af þeim fjármunum mundi nýtast betur innan skólans eða með samningum við aðra fagaðila (fagstjórn/námstjórn).
7. Verkstjórn í kennslu þarf að verða skýrari og nýtingu takmarkaðra fjármuna til fagstjórnar og umsjónar með samstarfi kennara þarf að lýsa betur í gegn um markmiðssetningu. Jafnframt er mikilvægt að kennsla einstakra kennara sé undir sýnilegu jákvæðu aðhaldi og leiðbeinendum og nýliðum verði verkstýrt með markvissum hætti.
8. Forfallakennsla og afleysingar í veikindum – þurfa að komast í viðunandi farveg fyrir alla aðila – þótt slíkt kunni að kosta nokkurt fjármagn.
9. Félagsstarf nemenda virðist í of lausum skorðum sem hefur í för með sér „núning“ sem glíma þarf við. Hugsanlegt er að virkja foreldra og kennendur beinlínis við úrvinnslu þessa þáttar. Mikilvægt er að skapa farveg fyrir jákvæð samskipti um afþreyingu og liggur beint við að nýta skólann og skólaaksturinn, ekki síst með vísan til þess að unglingar úr „sveitinni“ þurfa að eiga mögulegan aðgang að mikilvægu tilboði á vegum sveitarfélagsins – eða tilboð sem er styrkt af sveitarfélaginu. (Unglingavinna og sumarskóli – getur líka tengst – sé unnið með samstarf við félög og klúbba – íþróttá-/ungmennafélög, skátafélög eða aðra hópa.)
10. Skólaaksturinn og gæsla á skólasvæði er afar flókið mál eins og fram hefur komið frá skólastjóra og fleirum. Einnig er gæsla yngri barnanna í frímínútum og á skólaleiðum og við milliferðir atriði sem verður ennþá flóknara vegna skiptingar skólans og vegna þess að börnin eru látin sækja á svo marga staði til náms. Það getur orðið mikilvægur þáttur við að bæta öryggi og starfsaðstæður barnanna og jafnframt til að draga úr spennu og óánægju með skólaaksturinn að fækka milliferðum (og kennslustöðum) og kenna nemendum 1.-4. bekkjar sem allra mest á einum stað (og af sömu kennurum). Um leið er eðlilegt að huga að því að lengja viðveru tiltekinna hópa (einkum 5.-7. bekkjar) og losna þannig við eyður í stundaskrá og leggja tvöfaldan akstur sem allra mest

niður. Með því ætti að vera hægt að auka akstursöryggi og efla fjölbreytni í starfi með öllum nemendum. Félagsstarf (kórstarf, skák og klúbbar) má nýta til að útvíkka skóladaginn og þar sem komin er afar jákvæð reynsla á hádegisþjónustu við öll börnin þá liggur ekkert á að ljúka skóladegi fyrr en milli kl. 15 og 16 að jafnaði. Ástæða er einnig til að endurmeta vikulegan akstur til Skóga og skoða fremur tímabundin sundnámskeið (haust og vor) og þá etv. í tengslum við annað starf með nemendum (þemaverkefni) sem nýtt getur umhverfið í Skógum um leið (íþróttahús og safn).

11. Foreldrasamstarf og trúnaður milli aðila er hvergi nærri eins og vera þyrfti. Hér er samt sem áður ekki málefni skólans eða skólastjóra nema að hluta til – sé litið til þess aðdraganda sem hér er. Forystumenn og fulltrúar í sveitarstjórn eiga hér skýra aðild að og sú skipting sem orðin er í sveitarstjórninni staðfestir það. Samt sem áður er ljóst að skólinn, skólastjórinn og samstarfsfólk í skólanum hefur möguleika til að taka forystu um breytingar á þessu samskiptakerfi miðað við það umboð og frumkvæði sem gildandi lög færa skólanum. Hér er ótvírætt mikilvægt verkefni að vinna ef takast á að skapa skýra tilfinningu fyrir því að allir „geti verið í sama liði“ í Mýrdalshreppi við að búa börnum jákvæð skilyrði til árangurs. Forysta skólastjóra og styrk stefnumótun af skólans hálfu kann að skipta sköpum fyrir framvindu þessa þáttar og hafa af-

gerandi þýðingu fyrir bættum samskiptum í kring um Grunnskóla Mýrdalshrepps. Foreldrar segjast treysta kennurum – talsvert betur en kennararnir virðast gera sér ljóst þannig að á því er líklegt að unnt sé að byggja tiltekna breytingartillögur.

(Sjá nánar töflu I í viðauka)

10 Eftirmáli

Í þessari skýrslu hefur verið gerð grein fyrir gagnaöflun starfsmanna við verkefnið og um leið dregnar margvíslegar ályktanir af þeim gögnum.

Sumar ályktanir eru nokkuð afdráttalaugar en miklu fleiri eru með fyrirvara þar sem upplýsingar eru annað hvort takmarkaðar eða misvísandi.

Líta ber á framtalin 11 atriði til sérstakrar úrvinnslu fyrir skólasamfélagið í Mýrdalshreppi sem meginatriði þessarrar úttektar og niðurstöðu hennar.

Þau geta átt erindi við marga aðila í sveitarfélaginu með einhverjum hætti og því mikilvægt að sem flestir geti átt aðild að því að leita lausna og niðurstöðu.

Hér er á ferðinni ytra mat samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið – sem síðan ákveður með hvaða hætti matinu verður skilað til úttektarbeiðenda.

Ástæða er til að undirstrika að hér er ekki um að ræða endanlegan dóm yfir skipulagi eða framkvæmd skólahalds í Mýrdalshreppi og þaðan af síður að hér sé svo ítarlegt mat á störfum einstaklinga eða starfsheita að það réttlæti einfaldar ákvarðanir um mannhald eða endaskipti á skipulagi.

Undirstrika þarf að þessi skýrsla skilar engri einni niðurstöðu eða einfaldri lausn fyrir skólahald í Mýrdalshreppi. Hún „veltir við steinum og skyggnist bak við dyr“ og

þannig kunna að koma fram upplýsingar sem róta við mönnum – og ýmsir hefðu fremur kosið að lægju í þagnargildi. Það er eðli ytri úttekta af þessu tagi að enginn veit fyrir víst fyrirfram hvað fram kemur og enginn veit heldur fyrir víst hverjar afleiðingarnar verða af slíkri skoðun.

Svona athugun getur sett af stað tímabært umbótaferli og styrkt jákvæða viðleitni og það er henni ótvírætt ætlað að gera. Hafa verður jafnframt í huga að tiltekna upplýsingar eða umræða og ekki síður óskýrar eða illa rökstuddar ályktanir kunna að setja einstaklinga og hópa í varnarstöðu sem spillir fyrir möguleikum til framfara og víðtækrar samstöðu. Þannig taka menn alltaf nokkra áhættu fyrirfram með því að fara fram á úttekt af þessu tagi - og verða að vera undir það búnir að vinna úr þeim niðurstöðum sem berast – þó þær væru ekki beinlínis fyrirséðar.

Skýrsluhöfundar hafa haft það að leiðarljósi að draga ekkert undan af þeim atriðum sem málefnalega hefur verið komið á framfæri. Tilteknum upplýsingum sem snerta einstaklinga hefur verið haldið til haga og þeim sérstaklega komið á framfæri við skólastjóra og sveitarstjóra fyrir hönd yfirvalda, en ekki er gerð efnisleg grein fyrir þeim í skýrslunni.

Upplýsingar og ályktanir geta virst harkalegar og óvægnar en ætlan skýrsluhöfunda með svo opinskárra framsetningu er fyrst og fremst að segja sem heiðarlegast frá því sem þeir sáu og heyrðu og koma um leið á framfæri vangaveltum og umræðu sem yfirvöld,

stjórnendur, starfsmenn og foreldrar í Mýrdalshreppi geta sótt til við sína umbótaviðleitni.

Framtalin 11 atriði eru flest þess eðlis að þau verða aldrei endanlega kláruð. Þetta eru þannig eilífðarverkefni í skólastarfi. Á mörgum þáttum hefur verið tekið að einhverju marki og þar er skólinn kominn af stað (t.d. skólnámskrágerðin). Önnur eru ótvíræð afleiðing af kerfisbreytingunni 1996 þegar rekstrarábyrgð grunnskólans færðist til sveitarfélagsins. Mýrdalshreppur glímir að því leyti við nákvæmlega sama verkefni og vanda og öll önnur sveitarfélög í landinu. Þeim miðar misjafnlega og hér eru ekki efni til að bera saman stöðu sveitarfélagsins og Grunnskóla Mýrdalshrepps við önnur sveitarfélög og við aðra grunnskóla.

Ímyndarvandi landsbyggðarinnar og brotakennd sjálfsmýnd íbúa í byggðum sem eiga undir högg að sækja í atvinnulegu og efnahagslegu tilliti kemur tvímælalaust fram á skólastarfi með einhverjum hætti. Það er hins vegar ekki auðvelt að skilgreina þau áhrif eða koma með tillögur um lausnir á þeim vanda í tengslum við úttekt á starfi grunnskólans.

Það er von Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri og starfsmanna við verkefnið að greining gagna og mat á upplýsingum reynist nægilega vel grundað og rökstutt til að nýtast við umbætur á skólastarfinu og við markvissa stefnumótun fyrir Grunnskóla Mýrdalshrepps.

Að endingu er forráðamönnum Mýrdalshrepps, foreldrum barna, skólastjóra og starfsmönnum grunnskólans og nemendum skólans þakkað sérstaklega fyrir jákvæðar móttökur og greinargóða miðlun upplýsinga.

Akureyri 7. júní 2000

Benedikt Sigurðarson

Ingibjörg Auðunsdóttir

Tafla I – Viðauki: Hugmynd að aðgerðaverkefnum og verkaskiptingu – Grunnskóli Mýrdalshrepps – maí 2000

Verkefni	Hvað kemur til greina	Hverjir koma að því	Hvernig má taka á málinu	Hvað með forgang	Hvenær ætti að ljúka
1. Staðfest verkaskipting – umboð og hlutverk aðila.	Setja niður erindisbréf og starfslýsingar - skilgreina hlutverk við kennsluumsjón á Ketilsstöðum.	Skólastjóri – skólanefnd – sveitarstjóri – ráðgjöf.	Fyrirmyndir eru til – reynsla annarra og ráðgjöf skiptir máli.	Mikilvægt forgangsverkefni.	Á fyrri hluta skólaársins 2000-2001.
2. Styrkja stjórnun skólastjóra – efling starfsþekkingar.	Skólastjóri sækir sér starfsþjálfun eða sérmenntun – handleiðsla - ráðgjöf .	Skólastjóri – sveitarstjóri í gegn um skilgreiningu á hlutverkum og stöðu – ráðningarkjör.	Formleg menntunartilboð – endurmenntunarstefna, ráðgjöf og handleiðsla.	Samstarfsverkefni – sem samkomulag þarf að takast um.	Sem fyrst – án tímamarka – en skuldbinding þarf að verða ljós milli aðila.
3. Lagfæring húsnæðis og búnaðar. Langtímaáætlun um húsnæði og viðhald.	Taka til við brýnustu aðgerðir án tafa – þó ekki sé um að ræða stóráttök. Leggja grunn að framtíðarskipan og sýnilegri stefnumótun.	Skólastjóri/skólanefnd/foreldrar og nemendur leita samskomulags um forgangsröðun – Sameiginleg áætlun um uppbyggingu gerð sýnileg - ráðgjöf	Leggja strax af stað – með átakshópi aðila – þar sem allir eiga fulltrúa að umræðunni. Skstj. skólan. sveitarstj. foreldrar, kennarar, nem. ("minnihlutinn").	Mikilvægt að byrja strax og leggja í sýnilega vinnuáætlun fyrir framhaldið – halda þarf öllum aðilum upplýstum um verkferlið framundan.	Gera eitthvað strax – í samhengi við vinnuáætlun – en lokatakamarkið þarf ekki að tímasetja.
4. Skólanámsskrágerð	Skólastjóri hefur frumkvæði og verkstjórnarábyrgð.	Starfsmenn; – foreldraráð og skólanefnd eru samráðsaðilar.	Skólastjóri – sækir ráðgjöf og beina þjálfun – námskeið f. kenn.	Er stöðugt í gangi í skólanum – mikilvægt að skerpa áherslur.	Lýkur aldrei.
5. Þjónusta við fatlaða	Greina stöðuna – skoða aðstæður fatlaðra með skipulögðum hætti – gera almenna stefnumörkun – og kynna samninga við önnur sveitarfélög eða þjónustuaðila.	Skstj. /skólane./sveitarstjóri - leita fulltingis þjónustukerfis fatlaðra, heilsugæslu og samtaka foreldra – ráðgjöf.	Setja saman áætlanir fyrir þá einstaklinga sem eru með viðurkenndar sérþarfir – á skólaaldri og lýsa réttarstöðu þeirra – kynna möguleika.	Þetta er brýnt verkefni.	Lýkur aldrei - en almenna stefnumótunin ætti ekki að taka meira en 8-12 mánuði.
6. Sérfræðiþjónusta – og fagleg styrking skólans – sérþekking innan skólans og samningar við aðila sem starfa annars staðar.	Skoða þarf og meta möguleika skólans til að koma sér upp styrkari sérþekkingu og hvernig fjármunir eru nýttir til ráðgjafar annars staðar	Skólastjóri og kennarar gætu haft forgöngu um þetta mat – leggja fram rökstuðning fyrir skólanefnd og sveitarstjóra.	Skilgreina þarf væntingar skólans og þarfir fyrir aðstoð og skoða þjónustu frá SKÓ.SUÐ. – meta mögul. á ráðningum sérmenntaðra innan skólans.	Skiptir máli fyrir ráðstöfun fjármuna.	Er hægt að vinna hvenær sem er með tilliti til samnings um skólaskrifstofuna.
7. Verkstjórn í kennslu – fagstjórn/stigstjórn og verkstjórn leiðbeinenda.	Skipulagning og vinnulýsing innan skólans – stefnumótun og nýting fjármuna.	Skólastjóri hefur hér lykilhlutverki að gegna – ráðgjöf.	Stefnumótun og sýnileg verkefnadeiling milli manna og starfsheita.	Nauðsynlegt að sinna jafnhliða annarri stefnumótun.	Lýkur aldrei.
8. Forfallakennsla.	Við áætlanagerð og við vinnuskipulag skólastjóra.	Hluti af verkaskiptingu skólastjóra og aðstoðarskólastj.	Ráðning skólaliða/forfallakennara.	Mikilvægt mál.	Fjárhagsáætlun - ár hvert.
9. Félagsstarf – tómsundur - félagsmiðstöð – (skátastarf – íþróttir – listir – útivist - afþreying).	Glíma þarf við þá óánægju sem er til staðar með því að bjóða upp á samstarf um lausn – og aðgerðir – (félags.mst. íþróttir).	Skólastjóri. starfsmenn. skólan./sveitarstj. foreldrar og nemendur (etv. frjáls félög).	Setja á fót átakshóp – etv. sem hluta af forvarnar-aðgerðum. Sjá 34. grein laga nr. 66/1995 um félagsstarf á vegum skólans.	Mikilvægt mál til að styrkja forsendur fyrir samstöðu.	Ljúka fyrir veturætur.
10. Skólaakstur – milliferðir - gæsla.	Lágmarka þarf milliferðir og draga úr álagi í kring um akstur.	Skólastjóri – sveitarstjóri - - hugsanlega samstarf við félög og einstaklinga.	Skoða í samhengi við félagsstarf og lengingu kennslutíma.	Brýnt gagnvart þeim hópi - ekki síst - sem er með neikvæða tilfinningu fyrir akstrinum.	Vinna þarf að fara fram – stöðugt og lýkur aldrei.
11. Samstaða – traust; - að skapa eina liðsheild og skýra samstöðu um meginatriði.	Líta þarf til framtíðar – og vinna að því að allir komist frá fortíðinni og geti tekið þátt í að skapa árangur og gott skólalíf.	Skólastjóri og kennarar – hafa lykilhlutverki að gegna – leita þarf aðstoðar og ráðgjafar utanaðkomandi til að koma á samtali milli aðila.	Setja má af stað sérstakt verkefni með tilgreindum markmiðum og fjármunum - átakshópur með fulltrúum margra – bæði minnihluti og meirihluti.	Mikilvægt og má ekki dragast – klofningur hverfur ekki af sjálfu sér – og erfitt fyrir börnin að "bíða hann af sér."	Lýkur aldrei - skynsamlegt að setja áfangamarkið.